CQ TF

Rit félagsins Íslenskir radíóamatörar

4. tbl. 51. árgangur sept. 2019



Mynd frá YOTA sumarbúðamóti ungra radíóamatöra sem haldið var í Bankya í Búlgaríu 11.–17. ágúst . Þátttakendur voru yfir 80 talsins. Ungmennafulltrúi ÍRA, Elín Sigurðardóttir TF2EQ, er til hægri á myndinni með íslenska fánann. Ljósmynd: Markus Großer DL8GM.

MEÐAL EFNIS:

- *VHF/UHF leikarnir 2019, úrslit*
- *Ham Radio sýningin í Friedrichshafen*
- *Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið*
- *WRC-19 ráðstefnan*
- *Vetrardagskrá ÍRA okt.–des.*

Á DÖFINNI:

- *TF3IRA QRV á 1.8 til 50 MHz*
- *Námskeið til amatörleyfis, okt.–des.*
- *Nýtt kynningarefni um amatör radíó*
- *Tíðnimál; nýjungar*
- *Næsti skilafrestur efnis í CQ TF 12. 1. 2020*

Félagið Íslenskir radíóamatörar

Félagið Íslenskir radíóamatörar, ÍRA, var stofnað 14. ágúst árið 1946. Félagið er landsfélag radíóamatöra á Íslandi og hefur formlegt samstarf við Póst og fjarskiptastofnun um málefni radíóamatöra hér á landi. ÍRA er aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radíóamatöra, IARU, samtökum IARU á Svæði 1 (Region 1) og samtökum norrænna landsfélaga, NRAU.

Félagið er með opið hús einu sinni í viku, á fimmtudagskvöldum kl. 20–22, og eru allir þeir sem hafa áhuga á amatörradíói boðnir velkomnir. Félagið er til húsa við Skeljanes í Reykjavík og þar er einnig starfrækt félagsstöðin TF3IRA.

Staðsetning hússins er 64°07’33’’N, 21°56’58’’V. „Maidenhead grid“ staðsetningin er HP94ad. Leið 12 hjá Strætó hefur endastöð við húsið.

Stjórn ÍRA starfsárið 2019-2020 skipa:

Formaður:	Jónas Bjarnason	TF3JB
Varaformaður:	Óskar Sverrisson	TF3DC
Ritari:	Georg Magnússon	TF2LL
Gjaldkeri:	Jón Björnsson	TF3PW
Meðstjórnandi:	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS
Varamenn:	Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA
	Heimir Konráðsson	TF1EIN

Öll bréf til Í.R.A. og QSL kort til safnsendinga (QSL bureau) sendist á póstfang ÍRA:

Íslenskir radíóamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík
ira@ira.is Heimasíða: www.ira.is

CQ TF er félagsrit ÍRA og hóf blaðið göngu sína árið 1964.

Heiti þess er fengið úr fjarskiptamáli radíóamatöra og hefur merkinguna „kall til allra íslenskra radíóamatörstöðva“.

Tilgangur CQ TF er að vera umræðuvettvangur og upplýsingamiðill ÍRA, samhliða vefsíðum félagsins.

Starfsárið 2019–2020 er miðað við að blaðið komi út fjórum sinnum á stafrænu formi á heimasíðu félagsins sem PDF skjal. Útgáfumánuðir eru mars, júní og september 2019 og janúar 2020.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður CQ TF er Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB. Netfang: ira@ira.is

EFNI:

Frá ritstjóra · · · · · · · · · · · · · · · **3**
Frá formanni... · · · · · · · · · · · · · **4**
Félagsstarfið í Skeljanesi · · · · · · · · · **6**
VHF/UHF leikar 2019 · · · · · · · · · · **22**
Ham Radio 2019 í Friedrichshafen · · · · **25**
SYLRA í Lilleström í Noregi · · · · · · · **30**
WRC-19 ráðstefnan · · · · · · · · · · · **32**
YOTA verkefnið á IARU Svæði 1 · · · · · **34**
Spennandi: QRV um nýja gervitunglið · · · **36**
QSL kort, umsýsla og geymsla · · · · · · **38**
ÍRA; starfstímbilið 2019/20 · · · · · · · **41**
Námskeið ÍRA til amatörprófs · · · · · · **46**
Helstu DX keppnir út janúar 2020 · · · · · **47**
Vetrardagskrá · · · · · · · · · · · · · · **48**
DXCC staða TF stöðva 4. sept. 2019 · · · · **49**

Hvað er amatör radíó?

Radíóamatörar eru þeir sem standast próf og fá leyfi hjá stjórnvöldum í hverju landi til að stunda fjarskipti og hanna og smíða búnað til þeirra. Hér er því ekki eingöngu um áhugamenn um fjarskipti að ræða heldur virka þátttakendur sem leggja stund á fjarskiptin og í því liggur munurinn á „áhugamanni“ og „amatör“.

Radíóamatörum er úthlutað alþjóðlegum kallmerkjum sem þeir auðkenna sig með í fjarskiptum og hefjast íslensk kallmerki á bókstöfunum TF.

Amatör radíó á sér fjölmargar hliðar. Tækni fjarskiptanna höfðar til margra, svo sem hönnun og gerð senditækja, viðtækja og loftneta, en radíóamatörar hafa víða komið við sögu í þróun fjarskiptatækninnar. Notaðar eru ýmsar aðferðir við fjarskiptin, svo sem tal, mors, myndsendingar og stafrænar mótunaraðferðir. Sumir státa sig af fjarskiptum í kringum jarðkringluna með einföldum heimasmíðuðum tækjum og litlu afli úr vasaljósarafhlöðum, á meðan aðrir leggja metnað í öfluga senda og loftnet og ná árangri í alþjóðlegum keppnum radíóamatöra.

Radíóamatörar hafa hannað og smíðað gevihnetti sem endurvarpa sendingum milli landa og enn aðrir nota yfirborð tunglsins til að spegla radíósendingar til fjarlægra heimshluta. Þekking radíóamatöra á tækni og nýtingu skilyrða í háloftunum til fjarskipta er ómetanleg auðlind og hefur oft skipt sköpun í neyðartilvikum þegar hefðbundin fjarskiptakerfi hafa brugðist.



Frá ritstjóra

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB

Áhugaverður þáttur í störfum ritstjóra CQ TF er að líta yfir efni sem áður hefur verið skrifað í blaðið, en það kom fyrst út árið 1964. Nú er ekki svo að þetta sé stórt verkefni enda réðst blaðsíðufjöldi framan af mest af ástandi fjölritara félagsins. Hann var orðinn það slitinn í restina að menn þurftu að reiða sig á góðvild Æskulýðsráðs Reykjavíkur með fjölritunina. Fyrsta húsnæðisaðstaða félagsins var einmitt staðsett í húsnæði ráðsins að Fríkirkjuvegi 11 þar sem félagið fékk aðstöðu árið 1965.

Í 1. tölublaði CQ TF árið 1971, skrifar Ólafur Axelsson, TF3AW, þáverandi formaður eftirfarandi skilaboð til félagsmanna á forsíðu blaðsins.

> Félaginu hefur borist bréf frá Póst- og símamálastjórninni og er m.a. í því ný gjaldskrá fyrir „amatör-leyfi“ er tók gildi þann l. nóvember 1970. Gjöldin eru nú [í mars 1971] eins og hér segir:
>
> Leyfisbréf vegna „amatör-stöðva“ ásamt upphafsskoðun, kr. 500.-
>
> Gjald vegna árlegrar framlengingar „amatör-leyfis“, kr. 200.-
>
> Gjald vegna aukaskoðunar “amatör-stöðva” kr. 300.-
>
> Framlengingargjöld ber að greiða fyrir l. apríl hvers árs.
>
> Bréfi þessu fylgir listi yfir leyfishafa, er greitt hafa og þá er eiga ógreitt. Þá er það tekið fram, að þeir leyfishafar, er eiga ógreidd framlengingargjöld eigi það á hættu að missa kallmerki sín. Það eru vinsamleg tilmæli stjórnar Í.R.A., að „viðkomandi kippi þessu í liðinn hið fyrsta.

Vakin er athygli á þessu hér til að kynna nýrri leyfishöfum, að á árum áður þurftu íslenskir radíóamatörar að greiða árlegt leyfisgjald. Þetta breyttist hins vegar árið 1977 þegar stjórnvöld felldu árlega gjaldið niður, en hækkuðu á móti leyfisbréfsgjald. Þetta var mikill munur fyrir okkur, því leyfisbréfið sjálft er oftast aðeins gefið út einu sinni.

Mikinn fróðleik er að finna í eldri tölublöðum CQ TF. Og það sem er skemmtilegt er hversu mikil breidd er í efnistökum félagsmanna á síðum blaðsins. Margt er eðlilega úrelt, en margt er enn í fullu gildi. Í sama tölublaði og vísað er í hér að ofan, birti undirritaður ritstjórapistil. Til gamans er hér birt fyrsta málsgreinin.



Mynd af QSL korti Einars Pálssonar, TF3EA. Einar var handhafi leyfisbréfs radíóamatöra nr. 1 hér á landi og fyrsti formaður ÍRA. Kortið staðfestir samband við W2NET 15. mars 1948 á morsi á 14 MHz.

> Mikið hefur verið rætt um áhugaleysi amatöra í seinni tíð. Sennilega er þetta þó ekki nein ný bóla heldur aðeins það sem alltaf gerist aftur og aftur. Þegar einhver hefur lokið prófi er hann fullur áhuga og reynir að vera sem mest í loftinu, en eftir því sem frá líður minnkar áhuginn oft smátt og smátt. Sem betur fer er þetta þó ekki algild regla, margar undantekningar eru til frá þessu. En nú hefur það gerst upp á síðkastið að þó nokkrir menn sem hafa lokið prófum hafa aldrei komið í loftið, sumir ekki einu sinni hirt um að sækja leyfisbréfin. Og þá hlýtur sú spurning að vakna hvers vegna þessir menn voru að leggja það á sig að taka þessi próf ef ekki á að nota það til neins.

Svo mörg voru þau orð fyrir 48 árum. Meti svo hver og einn hvort eitthvað er til í þessu enn þann dag í dag.

Stuðningur við CQ TF hefur vaxið með hverju tölublaði eftir að blaðið tók að koma út á ný í apríl 2018, bæði að blaðsíðufjölda og fjölda félaga sem sent hafa efni til birtingar. Þakka ykkur fyrir stuðninginn og höldum áfram á þessari farsælu braut. Fyrirhugað er, að næsta blað komi út þann 26. janúar 2020. Frestur til að skila efni er til 12. janúar.

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB
Ritstjóri CQ TF.



Frá formanni...

Jónas Bjarnason, TF3JB

Þótt sumarið sé almennt sá tími þegar hægist á mannlífinu – og þar með talið á félagslífi í mörgum félagasamtökum eins og okkar – er ekki svo með ÍRA. Það er ánægjulegt að skýra frá því að aðsókn að félagsaðstöðunni í Skeljanesi hefur verið mikil í sumar og jafnt og þétt hefur verið unnið að málefnum félagsins enda ástæðulaust að slá slöku við. Sólríkt sumar og einstök veðurblíða hefur ábyggilega haft góð áhrif, en fyrst og fremst er það brennandi áhugi félaganna á áhugamálinu sem hefur drifið menn áfram til góðra verka.

Þátttaka í VHF/UHF leikunum í júlí var með besta móti og þátttaka í TF útileikunum á 40 ára afmæli þeirra um verslunarmannahelgina var góð. Þá var TF1IRA QRV frá Knarrarósvita í lok ágúst og hópur leyfishafa sem staðið hefur fyrir virkni frá vitanum á Alþjóðlegu vita- og vitaskipshelginni allt frá árinu 1998, lét sig ekki vanta. Þá var New-Tronics Hustler 4-BTV stangarloftnet TF3IRA reist í Skeljanesi þann 2. júlí. APRS búnaður TF8APA á fjallinu Þorbirni var uppfærður 15. ágúst og fleiri verkefni eru í farvatninu hjá APRS hópnum. Loks sótti fjöldi Íslendinga Ham Radio sýninguna í Friedrichshafen í Þýskalandi í júnímánuði. Vitað er um a.m.k. 18 Íslendinga sem sóttu viðburðinn, þ.e. 14 leyfishafa og maka. Sjá nánari umfjöllun um þessa viðburði í blaðinu.

Hér á eftir fjalla ég nánar um nokkur atriði. Það er ný vetrardagskrá félagsins til jóla, námskeið ÍRA til amatörprófs í október, bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 17/2019 og góðar fréttir í tíðnimálum sem bárust erlendis frá þann 30. ágúst s.l.

Vetrardagskrá ÍRA, október–desember

Ný vetrardagskrá ÍRA fyrir tímabilið til jóla er kynnt í þessu blaði. Hún hefst þann 10. október með sýningu heimildarmyndar um DX-leiðangur til Suðurheimskautslandsins (VP8ORK) og lýkur með vönduðu jólakaffi félagsins þann 19. desember. Alls verður boðið upp á 18 fjölbreytta viðburði í félaginu á tímabilinu.

Meðal nýjunga er svokallaður „Opinn laugardagur“. Það er, þegar tiltekinn viðburður er í gangi frá því fyrir hádegi og fram eftir degi, til að auðvelda sem flestum að mæta í félagsaðstöðuna til að kynna sér það sem er í boði. Slíkur viðburður verður einmitt laugardaginn 19. október. Þá geta félagsmenn komið í Skeljanes og fengið fræðslu um nýja Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið – og fylgst með fjarskiptum um fyrsta gervitungl radíóamatöra sem er á staðbraut (*e. geostationary*). Í boði verður, að menn upplifi „ævintýrið“ sjálfir með því að hafa sambönd um gervihnöttinn. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri ÍRA verður á staðnum til leiðbeiningar og aðstoðar.



Skeljanesi 2. júlí. Uppsetningu 4-BTV stangarloftnets TF3IRA lokið. Frá vinstri: TF3DC, TF2LL og TF3GS. Ljósmynd: TF3JB.

Námskeiðið „Fyrstu skrefin; farið í loftið með leiðbeinanda“ sem var haldið í fyrsta skipti sl. haust við miklar vinsældir, verður endurtekið 1. og 7. nóvember. Óskar Sverrisson, TF3DC, leiðbeinandi, útilokar ekki að bæta við aukanámskeiði í byrjun desember verði aðsókn jafn mikil og síðast.

Félagsmönnum er bent á að kynna sér vönduð erindi sem í boði verða á tímabilinu, en að þessu sinni verða þau í nóvembermánuði. Auk þeirra verða fjórir „sófasunnudagar“. Þetta fyrirkomulag hefur verið vinsælt allt frá upphafi þegar það var fyrst kynnt í félaginu fyrir tíu árum (6. desember 2009).

Skilgreining er þessi: Umræður í sunnudagsopnunum eru hugsaðar sem afslappaðar, þ.e. menn sitja með kaffibolla í stóra leðursófasettinu og ræða um amatör radíó. Tiltekinn leyfishafi sem hefur staðgóða þekkingu á viðkomandi umfjöllunarefni, leiðir umræður og svarar spurningum. Tímalengd miðast við „messutíma“, þ.e. viðburður hefst kl. 11 og lýkur u.þ.b. klukkustund síðar svo menn komist heim í sunnudagsmat.

Námskeið til amatörprófs í október

Í samræmi við starfsáætlun stjórnar ÍRA og að höfðu samráði við prófnefnd og umsjónarmann námskeiða er ánægjulegt að upplýsa að í þessu blaði er kynnt fyrirhugað námskeið til amatörprófs.

Það hefst 14. október og lýkur með prófi Póst- og fjarskiptastofnunar 14. desember. Kennt verður tvo daga í viku í húsnæði Háskólans í Reykjavík. Skráning verður opin til 11. október á „ira hjá ira.is“. Engin skuldbinding fylgir skráningu, en veitir félaginu mikilsverðar upplýsingar um fyrirhugaðan fjölda þátttakenda.

Ákvörðun PFS nr. 17/2019

Þann 23. ágúst var athygli stjórnarmanna ÍRA vakin á bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 17/2019 (dags. 16. júlí 2019) er varðar fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvarnotkunar. Sama dag var þetta efni birt á heimasíðu ÍRA með tilvísun á ákvörðunina í heild á heimasíðu PFS.

Stjórn ÍRA leitaði samráðs við EMC nefnd félagsins og í framhaldi var ákveðið að hafa málið til umfjöllunar á sérstökum fundi í Skeljanesi, fimmtudaginn 5. september. Á fundinum hafði Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, formaður EMC nefndar framsögu og fór yfir ákvörðunina, sem varðar kvörtun vegna truflana frá radíóamatör á sjónvarpsmóttöku og gæðum nettengingar hjá nágranna hans.

Við mælingar tæknideildar PFS á vettvangi var truflunin staðfest. Ekki kemur fram að búnaði leyfishafa sé áfátt, en ýmislegt fannst sem betur mátti fara hjá nágrannanum, sem m.a. varðar VDSL fastlínusamband (tengingar í götuskáp), aðrar tengingar og tækjabúnað hans. Málið er ekki einfalt því sem dæmi, kemur m.a. fram að radíóamatörinn var beðinn um að vera ekki í loftinu í eina viku (sem hann samþykkti), en á þeim tíma komu áfram fram truflanir hjá nágrannanum. Næstu skref félagsins verða ákveðin í samráði við EMC nefnd.



Turninn reistur. Brátt er liðið ár frá því það stórvirki var unnið í Skeljanesi, helgina 24.-25. nóvember 2018, að setja upp nýjan turn með nýju 4 staka Yagi loftneti og öllu tilheyrandi. Sex félagar báru hitann og þungann af þessu viðamikla verkefni, þeir Georg Magnússon TF2LL, Ólafur B. Ólafsson TF3ML, Þórður Adolfsson TF3DT, Jón Gunnar Harðarson TF3PPN, Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33 og Ásgeir Bjarnason. Skýrt er frá þessu frábæra framlagi í þágu félagsins í máli og myndum í 1. tbl. CQ TF 2019, bls. 32.

Góðar fréttir, tíðnimál

Fundi í undirbúningsnefnd ITU vegna tíðniákvörðunarráðstefna ITU 2019 og 2023 (WRC) lauk í Tyrklandi 30. ágúst. Meðal mála sem varða tíðnisvið radíóamatöra, er léttir að skýra frá því að tillaga franskra stjórnvalda um hugsanlegan aðgang flugþjónustunnar að 144-146 MHz bandinu (mál vegna WRC 2023), var felld á fundinum. Í annan stað verður tillaga um úthlutun 50-52 MHz bandsins til radíóamatöra tekin á dagskrá á ráðstefnunni 2019, á víkjandi grundvelli, með neðanmálsgrein um lönd sem munu heimila sínum leyfishöfum að fá ríkjandi aðild að tíðnisviðinu 50-50.5 MHz. Hvorutveggja eru ánægjuleg tíðindi (ásamt fleirum), samanber samantekt um WRC-19 í þessu blaði.

Þar sem þetta er síðasta blað á árinu 2019 vil ég senda félagsmönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar jóla- og áramótakveðjur með ósk um farsælt ár komandi ár 2020. Innilegar þakkir fyrir frábæra samvinnu og stuðning. Megi ykkur ganga allt í haginn.

Jónas Bjarnason, TF3JB
formaður ÍRA.



Félagsstarfið í Skeljanesi

Jónas Bjarnason, TF3JB

Þegar þetta er skrifað þann 15. september eru liðnir þrír mánuðir frá útkomu síðasta félagsblaðs þann 30. júní 2019. Margt áhugavert hefur gerst í félagsstarfinu á þessum tíma og verður haldið áfram skrifum um starfið í dagbókarformi, þar sem frá var horfið í síðasta blaði í júnímánuði.

6. júní – Innsending efnis

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri, sendi erindi til félagsmanna á heimasíðu félagsins og FB síðum þann 4. júní þar sem hann vakti athygli á að skilafrestur efnis í CQ TF væri til 16. júní.

Ritstjóri orðaði það þannig að allt efni um áhugamálið er vel þegið í blaðið – frásagnir, ljósmyndir, eða jafnvel aðeins punktar og ábendingar um efni sem vinna má úr. Viðtökur félagsmanna voru prýðilegar og varð 3. tölublað CQ TF 45 blaðsíður að stærð.

6. júní – Góðar umræður í Skeljanesi

Þótt síðari hluta vetrardagskrár 2018/19 hafi lokið þann 9. maí, var félagsaðstaðan í Skeljanesi áfram opin alla fimmtudaga eins og kunnugt er. Í boði er kaffi og góðar umræður, en félagarnir vitja m.a. um innkomin QSL kort, þar sem QSL stjóri tæmir pósthólf félagsins alla miðvikudaga (einnig yfir sumartímann) og hafi borist sending erlendis frá, eru þau kort strax flokkuð og sett í hólfin.

Þennan fimmtudag voru þrjú loftnet til sýnis á staðnum.

Það voru: *AM PRO 160* bílloftnet fyrir 160 metrana; ½ tvípóll og „Halo“ tvípóll, bæði fyrir 6 metra bandið. Halo loftnetið er svokallaður „beygður“ tvípóll, rétthyrndur í lögun og óstefnuvirkur. Öll netin voru keypt hjá Radioworld í Bretlandi.

TF3JB kom með loftnetin og skýrði m.a. frá, að hann noti 1.8 MHz bílnetið fest við húsþakið heima há sér, með þakjárnið sem mótvægi. Það hafi komið ótrúlega vel út, því á tímabilinu 11.11.2018–11.2.2019 hafði hann staðfest sambönd við alls 54 DXCC einingar á FT8 tegund útgeislunar og fékkst síðasta landið staðfest þann 31. maí s.l. (Sjá einnig grein TF3JB um bílloftnetið og hvernig það reyndist í notkun, uppsett á heimahúsi í 1. tbl. CQ TF í janúar 2019, á bls. 39–43.)



Loftnet eru óþrjótandi umræðuefni yfir góðu kaffi. Frá vinstri: Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS (fjær), Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN og Georg Magnússon TF2LL. Sjá má AM PRO 160 bílnetið neðst á myndinni á borðinu. Heildarlengd er 260 cm, þ.e. undirstilkur er 58cm, spóla 42cm og toppur 160cm. Þar fyrir ofan er 1/2 bylgju tvípóllinn fyrir 6 metrana og Halo tvípóllinn fyrir 6 metrana, pakkaður í plast. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

21.–23. júní – Friedrichshafen

Ham Radio sýningin 2019 í Friedrichshafen, var að þessu sinni haldin helgina 21.–23. júní. Íslenski



Myndin sýnir hluta sýningarsvæðisins sem hýsir flóamakað radíóamatöra á sýningunni í Friedrichshafen þar sem leyfishafar koma alls staðar að úr Evrópu með eldri tæki (eða jafnvel nýjan búnað) og bjóða til sölu. Mælitæki eru í boði (oft við ótrúlega hagstæðu verði) og sumir í íslenska hópnum gerðu mjög góð kaup að þessu sinni. Ljósmynd: TF3JB.

hópurinn var að þessu sinni 18 manns, þ.e. 14 leyfishafar og 4 makar. Ferðin þótti vel heppnuð, enda mikið að sjá af tækjum og búnaði, auk kynninga og fyrirlestra. Sá frásögn frá sýningunni annars staðar í blaðinu.

25. júní – Horfinn turn

Eftirfarandi tilkynning var sett á heimasíðu ÍRA og FaceBook síður þann 25. júní: *Fyrir nokkrum árum fékk ÍRA vandaðan 15 metra háan turn gefins. Turninn er gerður úr fimm galvaniseruðum einingum sem hver er 3 m að lengd. Á meðfylgjandi mynd sjást þeir TF3BJ og TF3G huga að turninum í portinu við húsakynni félagsins í Skeljanesi.*



Nú ber svo við að turninn finnst ekki í Skeljanesi sem er bagalegt. Nokkrir vaskir félagar eru tilbúnir að setja hann upp til að strengja í hann loftnet fyrir 160 m og 80 m. Nú erum við nærri sólblettalágmarki og því eru þessi bönd sérstaklega verðmæt.

Ef einhver veit hvar turninn er eða um afdrif hans væri frábært að fá um það vitneskju. Hægt er að senda tölvupóst til ira@ira.is eða hafa samband við stjórnarmenn.

Í byrjun júlímánaðar barst ábending um að grunneiningin væri hugsanlega staðsett í nágrenninu. Georg Magnússon, TF2LL, ritari félagsins fór á vettvang og fann eininguna og flutti hana á ný á lóð félagsins við Skeljanes. Enn er ekkert vitað um þær einingar sem upp á vantar.

27. júní – Góð mæting á opið hús

Góð mæting var á opið hús í félagsaðstöðunni fimmtudaginn 27. júní. Sérstakur gestur var Daggeir Pálsson TF7DHP, frá Akureyri.

M.a. var mikið rætt um nýjungar sem kynntar voru á Ham Radio sýningunni í Þýskalandi sem haldin var helgina 21.–23. júní. Margir leyfishafar gerðu einmitt góð kaup í Friedrichshafen í ár, bæði í sendistöðvum og mælitækjum. M.a. er von á fyrstu Kenwood TS-890S stöðinni til landsins innan tíðar. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, sýndi nýjan búnað til notkunar fyrir sambönd um gervitunglið Es'hail-2/P4A / Oscar 100. Glæsilegar kaffiveitingar voru í boði TF7DHP þetta vel heppnaða fimmtudagskvöld.



Þétt setið við fundarborðið. Frá vinstri (neðra horn): Jón Björnsson TF3PW, Mathías Hagvaag TF3MH, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Jón Guðmundsson TF3LM, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Georg Kulp TF3GZ, Sigmundur Karlsson TF3VE, Karl Birkir Flosason TF3KF, Daggeir Pálsson TF7DHP og Baldvin Þórarinsson TF3-033 (bak í myndavél). Ljósmynd: TF3JB.

30. júní – Nýtt tölublað CQ TF

Nýtt tölublað CQ TF, 3. tbl. 2019, kom út sunnudaginn 30. júní á PDF formi á heimasíðu félagsins. Blaðið var að þessu sinni 45 blaðsíður að stærð.



Meðal efnis má nefna: Grein frá ritstjóra; leiðara frá formanni; yfirlit yfir félagsstarfið frá 20. mars til 8. júní; grein um úrslit í páskaleikum félagsins 2019; grein um 70 ára gömul QSL kort TF3SF frá árunum 1948–1951; grein um Es'hail-2/P4A / OSCAR 100 gervitunglið; grein um rússnesku „spætuna"; grein um utanáliggjandi lyklaborð og hnappaborð; stutt grein um TF7 leiðangurinn sem farinn var til Vestmannaeyja árið 1975; grein um málefni radíóamatöra á alþjóðavettvangi – með ITU WRC-19 í Sharm El-Sheikh á næstu grösum; kynning á starfsáætlun stjórnar starfsárið 2019/20; grein um að 48 ár eru liðin frá stofnun QSL félags innan ÍRA; grein um TF útileikana 40 ára; 1979–2019; upplýsingar/keppnisreglur um TF útileikana 2019; bráðabirgðaniðurstöður úr CQ World Wide WPX keppninni 2019; Umfjöllun um að „Árangurinn byggist líka á grunngildunum"; upplýsingar um Alþjóðlegu vita- og vitaskipahelgina 17.–18. ágúst; fundargerðir stjórnar starfsárið 2019/20: 1. stjórnarfundur frá 26.2.2019 og 2. stjórnarfundur frá 26.2.2019; kynning á nýrri leiðbeiningabók frá RSGB um Icom IC-7300 stöðina; samantekt um

helstu DX-keppnir í ágúst til október 2019; stutt upprifjun á ferð Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX og XYL Guðrúnar Hannesdóttur, TF3GD, til Hawaii árið 2011; og DXCC heildarstaða TF stöðva m.v. 6. júní 2019.

30. júní – Nýtt sófasett

Félagið fékk til afnota nýtt sófasett og sófaborð í fundarsal á 1. hæð í Skeljanesi þann 30. júní. Eldra sófasettið hafði í raun verið til geymslu um 9 mánaða skeið í salnum þegar það var sótt, skömmu eftir páska. Nýja settið er ekki síðra en það fyrra og í raun vandaðra og afar vel farið. Staðan í salnum er því á ný komin í „eðlilegt“ horf, samanber meðfylgjandi ljósmynd.



Myndin sýnir nýja sófasettið og nýja sófaborðið; hvorutveggja er staðsett á sama stað og það eldra. Ljósmynd: TF3JB.

2. júlí – Loftnet sett upp í Skeljanesi

Þeir Guðmundur Sigurðsson TF3GS, Georg Magnússon TF2LL og Óskar Sverrisson TF3DC mættu í Skeljanes 2. júlí eftir vinnu og settu upp New-Tronics Hustler 4-BTV stangarloftnet (vertíkal) fyrir TF3IRA. Loftnetið vinnur á 10, 15, 20, 40 og 80 metrum. Gengið var frá uppsetningu á nýja festingu sem TF2LL smíðaði og hluta af radíólum (en þakið er ryðgað og menn telja tryggara að hafa mótvægið í



Loftnetavinna í 15°C hita og logni. Frá vinstri: Óskar Sverrisson TF3DC, Georg Magnússon TF2LL og Guðmundur Sigurðsson TF3GS. Ljósmynd: TF3JB.



Kaffipásan var m.a. notuð til að sníða og ganga frá radíólum fyrir loftnetið. Frá vinstri: Guðmundur Sigurðsson TF3GS, Georg Magnússon TF2LL og Óskar Sverrisson TF3DC. Ljósmynd: TF3JB.

lagi), auk þess sem netið var vel stagað. 4-BTV loftnetið kemur í stað vertíkals fyrir HF böndin sem féll og skemmdist í óveðri í nóvember s.l.

Eftir er að ganga frá eigintíðnistillingu og hluta af radíólum (þegar þetta er skrifað) sem drifið verður í við fyrsta tækifæri. Framundan er jafnframt uppsetning á vírloftnetum fyrir 30, 40, 60, 80 og 160 metra böndin fyrir félagsstöðina. Stjórn félagsins þakkar þeim félögum gott framlag.

11. júlí – Góð mæting og góðar gjafir

Opið hús var í félagsaðstöðunni fimmtudaginn 11. júlí. Að venju var mikið rætt yfir góðu kaffi, m.a. um mismunandi loftnet, hæð yfir jörðu, fæðilínur, útgeislun og útgeislunarhorn, kóaxkapla og tengi (enda er júlímánuður = loftnetamánuður).



Menn voru sammála um að loftnet eru það sem skiptir öllu máli í DX'inum! Frá vinstri: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Rúnar Þór Valdimarsson TF3RJ, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB. Hægra megin borðs: Óskar Sverrisson TF3DC, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Baldvin Þórarinsson TF3-033. Fyrir enda borðs; Mathías Hagvaag TF3MH. Mynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Einnig skoðuðu menn dót sem nýlega hefur borist félaginu frá þeim Garðari Gíslasyni TF3IC, Carl Jóhanni Lilliendahl TF3KJ og NN, sbr. myndir hér á eftir.

Alls mættu 14 félagar í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld.



Dót sem barst til félagsins 8. júlí. Gefandi er ókunnur (NN). Margt leyndist í kössunum sem mönnum leist vel á og getur m.a. hentað vel til smíða. Philips viðtækið og RG-214 kóaxrúllan eru frá NN, en rúllurnar í plastpokunum eru frá Carl Jóhanni Lilliendahl, TF3KJ.Ljósmynd: TF3JB.



Pye Westminster VHF stöðvarnar þrjár eru frá Garðari Gíslasyni TF3IC. Mynd: TF3JB.

12. júlí – APRS og OSCAR 100 búnaður keyptur

Stjórn ÍRA samþykkti á fundi sínum 11. júní, að heimila félagssjóði kaup á eftirfarandi búnaði frá Microsat í Póllandi:


- Microsat WX3in1 Mini APRS Advanced Digipeater/I-gate (2 stk.)
- PLXDigi – APRS Digipeater (2 stk.)

Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, setti fram beiðni til félagsins f.h. APRS hópsins. Hann segir, að búnaðurinn muni þétta kerfið og auka gæði og notkunarmöguleika og m.a. nýtast við tengingu Motorola GM-300 stöðva, en hópurinn fékk nýlega átta slíkar stöðvar að gjöf. Í bígerð er m.a. uppsetning I-gate á Akureyri og Digipeater á fjallið Þorbjörn við Grindavík.



Á sama fundi voru ennfremur heimiluð kaup á QO100 transverter frá PE1CMO í Hollandi; *„A complete transverter with 25 MHz reference oscillator for the LNB, a lownoise down converter from 739 to 432 MHz and a upconverter from 432 to 2400 MHz, double filtered and a 20 Watt amplifier“*. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri félagsins, samdi um afsláttarverð fyrir félagið á Ham Radio sýningunni 2019 í Friedrichshafen.





Myndin sýnir ofan í vatns- og rakaþéttan kassann sem hýsir transverterinn frá PE1CMO. Mynd: PE1CMO.

APRS búnaðurinn kostar um 45 þús. krónur og Oscar 100 búnaðurinn um 118 þús. krónur (með aukabúnaði, tengjum og breyttu LNB). Uppgefið verð er með flutningi og gjöldum á Íslandi.

18. júlí – Kynning TF8KY á reglum VHF leikana

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, umsjónarmaður VHF/UHF leika ÍRA mætti í Skeljanes fimmtudaginn 18. júlí og kynnti reglur leikanna í ár – sem verða að þessu sinni 20.–21. júlí – og svaraði spurningum.



Skeljanesi 18. júlí. Hrafnkell Sigurðsson TF8KY kynnir upplýsingar um VHF leikana 2019. Á mynd er einnig Þórður Adolfsson TF3DT.

Hann byrjaði stundvíslega kl. 20:30 og sýndi glærur þar sem hann fór vel yfir helstu atriði og útskýrði m.a. reitakerfið, 6 klst. regluna, QSO upplýsingar, stigagjöf og margfaldara og kynnti sérstaka leikasíðu sem hann hefur sett upp á netinu, sbr. vefslóðina:

http://vhfleikar.ira.is/2019/?fbclid=IwAR3oXOf20J82wOJPQkljAq27RuZozuPBfhvyAnB7suRYILuERX40d5Ty20w

Keli fór vel yfir reglurnar, svaraði spurningum inn á milli og skýrði með dæmum.



Frá vinstri: Eiður Kristinn Magnússon TF-071, Mathías Hagvaag TF3MH, Jón Björnsson TF3PW, Gísli Gissur Ófeigsson TF3G, Baldvin Þórarinsson TF3-033 og Jón Svavarsson TF3JON.

Hrafnkell fékk gott klapp fyrir áhugaverða, vandaða og vel flutta kynningu. Alls mættu 20 félagsmenn og 1 gestur í Skeljanes þetta frábæra sumarkvöld í vesturbænum í Reykjavík.



Áfram var rætt um VHF/UHF leikana sem eru framundan um helgina eftir að formlegu erindi lauk. Frá vinstri: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Sigmundur Karlsson TF3VE, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Jón Svavarsson TF3JON, Ólafur B. Ólafsson TF3ML og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.

25. júlí – Opið hús og kynning

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri félagsins, mætti í Skeljanes fimmtudaginn 25. júlí. Hann hafði meðferðis og sýndi nýja fjarskiptabúnaðinn sem verður settur upp til að hafa sambönd frá TF3IRA í gegnum Es'Hail-2/P4A / OSCAR 100 gervitunglið.



Transverterinn er inni í þessum vandaða vatns- og rakaþétta kassa. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.



Tengin fylgja í plastpokanum. Til hægri er sérhæft LNB fyrir loftnetsdiskinn sem var sérstaklega breytt hjá PE1CMO. Ljósmynd: TF1A.

Ari Þórólfur skýrði hvað væri framundan, þ.e. uppsetning diskloftnets utanhúss og ýmsar samstillingar. Ari nefndi m.a. að það yrði hægt að sjá raunverulega vinnutíðni beint á stjórnborði Kenwood 2000 stöðvarinnar sem væri mjög til þæginda.



Frá vinstri: Njáll H. Hilmarsson TF3NH, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A Sigurður Smári Hreinsson TF8SM, Þórður Adolfsson TF3DT og Jón G. Guðmundsson TF3LM. Ari heldur á LNB'inu. Á borðinu má sjá transverterinn frá PE1CMO. Mynd: TF3JB.

Ari færði okkur glæsilega veislutertu og Nóa konfekt sem hann bauð mönnum að njóta með kaffinu (en hann átti nýverið stórafmæli). Bestu þakkir til Ara fyrir frábært fimmtudagskvöld. Alls mættu 21 félagsmaður og 1 gestur í Skeljanes að þessu sinni.



Afmæliskökurnar og konfektið frá Ara var vinsælt. Ljósm. TF3JB.

25. júlí – OE6FEG í Skeljanesi

Sérstakur gestur ÍRA fimmtudagskvöldið 25. júlí var Matthew Pullan OE6FEG. Hann er mikill CW maður, félagsmaður í HSC (e. High Speed Club) og áhugamaður um SOTA verkefnið og hefur m.a. virkjað fjölda tinda í mörgum löndum.



Skeljanesi 25. júlí. Matthew Pullan OE6FEG í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Hann hafði nokkur QSO frá félagsstöðinni, en náði ekki sambandi heim til Austurríkis. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Einar Kjartansson TF3EK var í fylgd með Matthew og sagðist hafa rekist á hann á ferðalagi inni á hálendinu og þeir hafi í framhaldi virkjað TF/SL-050 (Rauðkoll) saman.

Matthew hefur í hyggju að ferðast meir um Ísland, m.a. til Landmannalauga. Hann var mjög hrifinn af allri aðstöðu félagsins í Skeljanesi og bað fyrir góðar kveðjur til félagsmanna.

25. júlí – Góð gjöf til ÍRA

Góð gjöf var móttekin fyrir hönd ÍRA laugardaginn 27. júlí 2019. Um er að ræða 11 metra háan þrístrendan loftnetsturn sem er samsettur úr 4 einingum.

Turninn, sem er úr áli, er afar meðfærilegur. Hann hafði verið í geymslu utandyra í nokkurn tíma (eins og sjá má á myndunum), en auðvelt er að spúla einingarnar og þá lítur hann út eins og nýr. Boltar fylgja fyrir samsetningu og varahlutir, gerist þörf á slíku í framtíðinni.



Jón E. Guðmundsson TF8-Ø2Ø setur aukahluti (varahluti) sem fylgja turninum um borð í kerruna. Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33 gengur frá og raðar einingunum.

Það er félagsmaður okkar, Jón E. Guðmundsson, TF8-Ø2Ø, sem gefur félaginu þessa gjöf sem mun koma í góð not fyrir TF3IRA.



Baldvin TF3-Ø33 gerir kerruna klára til brottfarar. Á meðan útskýrir Jón TF8-Ø2Ø m.a. hvernig best er staðið að stögun turna af þessari stærð og gerð. Ljósmyndir: TF3JB.

Stjórn ÍRA þakkar Jóni E. Guðmundssyni, TF8-Ø2Ø, rausnarlega gjöf. Ennfremur þakkir til Baldvins Þórarinssonar, TF3-Ø33, sem lagði til bifreið og kerru til flutninga eininganna í Skeljanes.

1. ágúst – TF útileikar, kynning

Einar Kjartansson, TF3EK, umsjónarmaður TF útileikanna, mætti í Skeljanes 1. ágúst og kynnti reglur leikanna, sem að venju voru haldnir um verslunarmannahelgina, dagana 3.–5. ágúst.

Hann fór vel yfir reglurnar sem eru óbreyttar frá fyrra ári (2018) en voru síðast uppfærðar árið 2017.



Skeljanesi 1. ágúst. Einar Kjartansson TF3EK útskýrir reglur TF útileikanna.

Einar útskýrði m.a. stigagjöf og margfaldara, en margfaldararnir (*e. Maidenhead locator*) eru notaðir til að reikna endanlegan stigafjölda.

Einar fór jafnframt yfir hinar ýmsu loftnetalausnir, sem henta vel fyrir lægri böndin í útileikunum (og á ferðalögum um landið) og sýndi m.a. myndir af loftnetum sem hann hefur sjálfur notað í leikunum og hafa reynst vel.

Eftir umræður og greið svör til félagsmanna, fékk Einar gott klapp með þökkum fyrir áhugaverða kynn-

ingu. Alls mættu 14 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta sumarkvöld.



Viðstaddir voru vel dreifðir um salinn. Frá vinstri (næst myndavél): Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósmyndir: TF3JB.

3.–5. ágúst – TF3IRA í útileikunum

Félagsstöðin TF3IRA var QRV í TF útileikunum 3.–5. ágúst 2019 ásamt um öðrum TF kallmerkjum um landið. Ágæt dreifing var á stöðvunum þetta árið. Nánar verður gerð grein fyrir niðurstöðum og úrslitum í næsta hefti CQ TF, en afhending verðlauna fer fram 10. október.



Wilhelm Sigurðsson TF3AWS við hljóðnemann á TF3IRA í útileikunum 4. ágúst. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Eins og fram kom í síðasta CQ TF (3. tbl. 2019, bls. 36–37) voru á þessu ári (2019) 40 ár síðan leikarnir voru fyrst haldnir árið 1979. Stjórn ÍRA samþykkti á 4. fundi 2019/20, að halda upp á þessi tímamót með því að veita veglegan verðlaunabikar fyrir bestan árangur, auk þess sem þátttakendur í 2.–5. sæti fá skrautrituð verðlaunaskjöl.

5. ágúst – TF3CW í Skeljanesi

Félagsmaður okkar, Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, heimsótti ÍRA 5. ágúst. Sigurður og XYL Björg fluttust búferlum til Spánar í fyrra (2018) og eru stödd í fríi hér á landi.



Skeljanesi 5. ágúst. Sigurður R. Jakobsson TF3CW prófar IC-7300 stöðina í fjarskiptaherbergi ÍRA. Létt var yfir mönnum og með honum á mynd eru þeir Mathías Hagvaag TF3MH og Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33. Ljósmynd: TF3JB.

Sigurður lét vel af dvölinni á suður-Spáni og hyggst m.a. taka þátt í alþjóðlegu CQ World Wide DX keppnunum í október og nóvember n.k. frá EA8 landi.

Svo skemmtilega vildi til að Siggi kom í hús í Skeljanesi þegar TF3IRA var QRV í TF útileikunum og hitti félagsmenn sem ýmist höfðu komið til að leysa TF3JB af í leikunum eða til að fá sér kaffi og fylgjast með.

Siggi fór í loftið þar sem hann langaði til að prófa Icom IC-7300 stöð félagsins og hafði sambönd á morsi þann stutta tíma sem hann gerði stans.

TF3IRA var þannig samtímis QRV á SSB í TF útileikunum og á CW í DX á 20 metrunum.



Það var ekki síður létt yfir mönnum í fundarsalnum á neðri hæð, enda kaffið frábært (samkvæmt umsögn Dodda...). Frá vinstri: Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Reynir Björnsson TF3RL og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB. Ljósmynd: TF3JB.

Siggi vildi þakka sérstaklega fyrir CQ TF og sagðist lesa það á heimasíðu félagsins í hvert skipti sem blaðið kemur út. Það væri mikils virði að geta fylgst með þegar búseta væri erlendis.

8. ágúst – OSCAR 100

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri félagsins og Georg Kulp, TF3GZ, mættu í Skeljanes fimmtudaginn 8. ágúst eftir vinnu og settu upp loftnetsbúnað fyrir Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið. Veðuraðstæður voru eins góðar og hugsast getur, sólskin, 18°C hiti og passleg gola.



Georg Kulp TF3GZ borar fyrir múrboltum fyrir veggfestinguna fyrir loftnetsdiskinn. Ljósmynd: TF3JB.

Sett var upp öflug veggfesting og 85cm loftnetsdiskur á austurhlið hússins í Skeljanesi. Verkið gekk vel og tókst að ganga frá köplum og stilla loftnetið áður en kom að almennri opnun félagsaðstöðunnar kl. 20 um kvöldið.

Þegar tími gefst á næstunni, er hugmyndin að ljúka tengingum og frágangi innanhúss, en Kenwood TS-2000 stöð félagsins mun notast við sértækan búnað frá PE1CMO sem kom til landsins í síðasta mánuði. Vel fer um TS-2000 og gervihnattabúnaðinn, sem fær sérstakt borð við austurglugga í fjarskiptaherberginu.




Georg Kulp TF3GZ og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A ganga frá köplum og LNB. Ljósmynd TF3JB.

Það styttist því í að TF3IRA verði QRV um nýja gervitunglið.

Allt efni var félagssjóði að kostnaðarlausu auk þess sem vinna var unnin í sjálfboðavinnu.

Stjórn félagsins þakkar þeim félögum gott framlag.



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A stillir loftnetsdiskinn. Slíkt getur verið vandasamt og tímafrekt, en Ari kom með vandað mælitæki og því kláraðist verkefnið á tiltölulega skömmum tíma. Mynd: TF3JB.



Afstöðumyndin sýnir staðsetningu gervihnattadisksins á húsinu. Fjarskiptaherbergi TF3IRA er í hornkvistinum beint fyrir ofan diskinn sem tryggir stysta fæðilínu. Ljósmynd: TF3JB.

8. ágúst – VHF/UHF leikar ÍRA – úrslit

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, umsjónarmaður VHF/UHF leika ÍRA flutti greinargóða kynningu í Skeljanesi fimmtudaginn 8. ágúst um helstu niðurstöður úrslit. Þar kom m.a. fram, að 18 stöðvar höfðu virk QSO í ár, samanborið við 19 í leikunum í fyrra (2018). Alls voru 237 QSO skráð í gagnagrunn.



Skeljanesi 8. ágúst. Hrafnkell Sigurðsson TF8KY umsjónarmaður VHF/UHF leikanna kynnir helstu niðurstöður og úrslit leikanna í ár. Ljósmynd: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður ÍRA, þakkaði TF8KY og hópnum frábæra vinnu við undirbúning leikanna. Hann afhenti síðan verðlaun félagsins fyrir 3 efstu sætin:

1. Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN 2.408 stig.
2. Hrafnkell Sigurðsson TF8KY 2.160 stig.
3. Ólafur B. Ólafsson TF3ML 1.581 stig.



Fremst á mynd: Björn Þór Hrafnkelsson TF8TY. Aftar: Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS og Sigmundur Karlsson TF3VE. Aftast: Jónas Bjarnason TF3JB, Njáll H. Hilmarsson TF3NH og Þorvaldur Bjarnason TF3TB. Ljósmynd: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

Hrafnkell kynnti m.a. Íslandsmet í drægni á 23cm bandinu sem náðist í leikunum, en þeir TF3ML og TF8YY höfðu QSO á FM mótun á 1294,5 MHz frá fjallinu Búrfelli til Keflavíkur og var vegalengd 134 km. Að lokum ræddi Keli keppnisreglur og kynnti hugsanlegar breytingar, sem verða til þróunar fyrir



Slakað á yfir kaffi og Nóa konfekti. Frá vinstri: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Ólafur B. Ólafsson TF3ML, Þórður Adolfsson TF3DT, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Guðmundur Sigurðsson TF3GS, Baldvin Þórarinsson TF3-033, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A (snýr baki í myndavél), Sigmundur Karlsson TF3VD, Georg Kulp TF3GZ og Mathías Hagvaag TF3MH. Ljósmynd: TF3JB.

leikana næsta ár. Alls mættu 23 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld í blíðviðri í Vesturbænum. Sjá nánar umfjöllun um úrslitin annarsstaðar í blaðinu.

10. ágúst – Viðtæki á Raufarhöfn

Laugardaginn 10. ágúst, bættist við 5. innanlandsviðtækið til hlustunar yfir netið. Það er sömu tegundar og þau fyrri, þ.e. af KiwiSDR gerð, staðsett á Raufarhöfn. Viðtækið hefur afnot af svokölluðu T-loftneti, sem er lóðréttur vír (topplódaður) og var fyrir á staðnum.



Raufarhöfn 10. ágúst. Yfirlitsmyndin sýnir turnana sem halda uppi lóðrétta T-loftnetinu sem er tengt við KiwiSDR viðtækið og er staðsett í skúrnum hægra megin við bifreiðina.

KiwiSDR viðtækin vinna frá 10 kHz upp í 30 MHz. Hægt er að hlusta á AM, FM, SSB og CW sendingar og má velja bandbreidd sem hentar hverri mótun. Allt að átta notendur geta verið skráðir inn á viðtækið samtímis. Georg Kulp, TF3GZ og Árni Helgason, TF4-Ø11, stóðu að uppsetningu tækisins, auk þess sem Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, veitti tæknilega aðstoð. Vefslóðin er:
http://raufarhofn.utvarp.com eða http://r.utvarp.com



Georg Kulp TF3GZ mátar fæðinguna á loftnetinu við postulínseinangrarann á skúrnum sem hýsir Kiwi SDR viðtækið. Ljósmyndir: TF3GZ og TF4-Ø11.

Stjórn ÍRA þakkar viðkomandi félagsmönnum fyrir verðmætt framlag. Hér um að ræða mikilvæga viðbót fyrir radíóamatöra sem gera tilraunir í þessum tíðnisviðum, auk hlustara og allra sem hafa áhuga á útbreiðslu radíóbylgna.

Hin viðtækin 4 sem eru í boði yfir netið, eru staðsett á eftirfarandi stöðum:

Úlfljótsvatni í Grafningi, Álftanesi á Mýrum í Borgarfirði, Bjargtöngum í Vesturbyggð (vestasta tanga Íslands) og í Otradal í Vesturbyggð.



Verkinu lokið. Nýja KiwiSDR viðtækið komið í hús á Raufarhöfn, tengt við loftnet og internet og allt virkar vel. Árni Helgason TF4-Ø11 og Georg Kulp, TF3GZ.

Frekari upplýsingar má sjá í fróðlegri grein Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A, um viðtæki yfir netið, sem birtist í 3. tbl. CQ TF árið 2018 (bls. 44–46).

11 ágúst – TF3W QRV í WAE keppninni

Sigurður R. Jakobsson, TF3CW, var í stuttri heimsókn á landinu í sumar. Hann kom við í Skeljanesi í annað sinn sunnudaginn 11. ágúst og virkjaði TF3W í Worked All Europe (WAE) keppninni á morsi. Hann hafði nokkur hundruð sambönd á 14



Sigurður R. Jakobsson TF3CW virkjaði TF3W í WAE keppninni 2019 á morsi 11. ágúst. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

MHz þann tíma sem hann staldraði við í eftirmiðdaginn og var mjög ánægður með búnað og loftnet félagsstöðvarinnar.



WAE DX keppnin 2019 er þrískipt: 10.–11. ágúst á morsi, 14.–15. sept. á SSB og 9.–10. nóv. á RTTY.

11. ágúst – TF2EQ í Búlgaríu

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA sótti 9. sumarbúðamót YOTA (*Youngsters On The Air*) ungra radíóamatöra, 11.–17. ágúst í bænum Bankya sem er í útjaðri höfuðborgarinnar, Sófíu.

Að sögn Elínar, voru þátttakendur yfir 80 talsins m.a. frá öðrum Norðurlöndum og víðsvegar að úr Evrópu.

BFRA, landsfélag radíóamatöra í Búlgaríu, stendur fyrir mótinu. Elín segir, að dagskrá BFRA hafi verið vönduð og vel að öllu staðið, bæði í gistingu og mat sem var í boði Búlgarana. Hún var m.a. með kynningu um ÍRA og Ísland. Kynning hennar var vel sótt og fékk hún margar fyrirspurnir.



Elín Sigurðardóttir TF2EQ á flugvellinum í Sófíu 10. ágúst. BFRA sótti alla þátttakendur á flugvöllinn. Elín sagði að það hafi verið afar þægilegt þótt hún hafi komið úr tiltölulega stuttu flugi frá Hollandi. Ljósmynd: Markus Großer DL8GM.



Ljósmynd af fánaborginni á sumarbúðamóti YOTA í Búlgaríu 2019. Takið eftir íslenska fánanum. Ljósmynd: Markus Großer DL8GM.

Elín var QRV frá sameiginlegri stöð frá mótinu, LZ19YOTA og náði a.m.k. einu sambandi heim á 7.165 MHz við Heimi Konráðsson, TF1EIN, í Hveragerði. Stjórn ÍRA sendi Elínu góðar kveðjur með þakklæti.



Þátttakendur fengu m.a. afhentar vandaðar treyjur frá BFRA sem voru sérmerktar hverju landi. Ljósmynd: DL8GM.

15. ágúst – TF8APA QRV á APRS

APRS hópurinn hefur staðið fyrir áframhaldandi uppbyggingu á kerfinu af dugnaði. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, Magnús Ragnarsson, TF1MT og Árni Þór Ómarsson, TF3CE hafa einkum verið í forsvari.



15. ágúst. APRS búnaðurinn frágenginn á Þorbirni. Ljósmynd. Guðmundur Sigurðsson TF3GS.

Þann 15. ágúst var gengið frá uppfærslu APRS búnaðar TF8APA á fjallinu Þorbirni við Grindavík. Notuð var ein af Motorola GM-300 VHF stöðvunum sem hópurinn fékk nýlega gefins, ásamt Microsat WX3in1 Mini APRS Digipeater/I-gate og PLXDigi – APRS Digipeater búnaðinum frá Póllandi, en félagssjóður ÍRA fjármagnaði tvö slík sett fyrr í sumar.



10. ágúst. Microsat WX3in1 Mini APRS Digipeater/I-gate og PLXDigi – APRS Digipeater búnaðinum gerður klár til uppsetningar. Ljósmynd: Magnús Ragnarsson TF1MT.

Að sögn þeirra TF1MT og TF3GS mun uppfærsla búnaðarins á Þorbirni þétta kerfið, auka gæði og notkunarmöguleika. Fyrirhugað er, að næsta verkefni verði uppsetning APRS I-gate á Akureyri.

17.–18. ágúst – Vita- og vitaskipahelgin 2019

Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin fór fram 17. og 18. ágúst. Þetta er tveggja sólarhringa viðburður og er miðað við, að flestir sem koma til dvalar í vita, á vitaskipi eða í nágrenni vita hafi komið sér fyrir upp úr hádegi á laugardag.


Þetta árið var einn íslenskur viti skráður til þátttöku á heimasíðu www.illw.net/ Knarrarósviti (ÍS-0001), sem er í um 5 km fjarlægð frá Stokkseyri. Kallmerkið TF1IRA var notað.



Knarrarósviti stendur rétt austan við Stokkseyri. Hann er 26,2 metrar á hæð og var hannaður af Axel Sveinssyni verkfræðingi eftir hugmyndum Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins árin 1938–1939 og var fyrsti viti hér á landi byggður úr steinsteypu.

Þeir TF1GW, TF3AB, TF3AO, TF3GB, TF3IG, TF3PPN og TF8HP starfræktu stöð við vitann á Knarrarósi laugardaginn 17. ágúst. Veður var ágætt og sólríkt en ekki sérstök skilyrði á HF. Nokkur fjöldi leyfishafa sótti þá félaga heim og þáði kaffiveitingar.

Að jafnaði eru yfir 500 tilgreind kallmerki starfrækt þessa helgi frá yfir 40 þjóðlöndum. TF1IRA tók þátt strax fyrsta árið frá Knarrarósvita (1998). TF kallmerki hafa verið virkjuð í viðburðinum árlega öll árin, oftast frá Knarrarósi.



QSL kortið sem hefur verið notað frá upphafi fyrir sambönd TF1IRA á Vita- og vitaskipahelgum frá Knarrarósvita. Það var hannað og sett upp af Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni TF3VS.

Í fyrsta skipti var TF stöð QRV á Vita- og vitaskipahelginni 2019 um Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið. Það var Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, sem tók færanlegan búnað með sér austur að Knarrarósvita og hafði sambönd /LH.



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A/LH við Knarrarósvita 17. ágúst. Úlpan kom í góðar þarfir enda nokkur næðingur við ströndina að sögn Ara, þrátt fyrir sólríkt veður. Ljósmynd: Svanur Hjálmarsson, TF3AB.

Þrátt fyrir norðan golu, tókst að hafa sambönd um tunglið. Ari hafði reyndar prófað búnaðinn áður með ágætum árangri, þ.e. um síðastliðna verslunarmannahelgi þegar þau hjón voru í fríi á Akureyri.

20. ágúst – Uppsetning búnaðar

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, VHF stjóri ÍRA, vann 20. ágúst að tengingu búnaðar TF3IRA innanhúss fyrir Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið í Skeljanesi. Þótt frágangi hafi ekki verið lokið, náðist að hafa fyrsta QSO'ið frá TF3IRA með nýjum búnaði félagsins. Það var við G8DVR í



Skeljanesi 20. ágúst. Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, VHF stjóri félagsins, tekur fyrsta sambandið frá TF3IRA á eigin búnaði félagsins um Es'Hail-2/P4A / Oscar 100. QSO'ið var við G8DVR. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Manchester á Englandi, kl. 20:40. Merki voru R/S 5–9 báðar leiðir.



Kenwood TS-2000 stöð félagsins býður upp á beinan tíðniaflestur á stjórnborði þegar notaður er transverter sem er til mikilla þæginda. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Notaður var nýr transverter félagsins sem keyptur var frá PE1CMO, sem bæði er fyrir „up" og „down link" á 70 cm, auk annars búnaðar. Hann er tengdur beint inn á Kenwood TS-2000 stöð félagsins. Eitt af því skemmtilega við TS-2000 stöðina er að aflestur á stjórnborði sýnir vinnutíðnina á 10 GHz beint. Stefnt er að því að ljúka vinnu við verkefnið á næstu dögum.



Þótt PE1CMO transverterinn komi í vatns- og rakaþéttum kassa verður hann hafður á fjarskiptaborðinu við hlið Kenwood TS-2000 stöðvarinnar. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

21. ágúst – Ritnefnd CQ TF

Ritnefnd CQ TF átti góðan fund 21. ágúst. Um var að ræða fyrsta fund nefndarinnar sem var skipuð á stjórnarfundi í júní s.l. Í ritnefnd blaðsins eru þeir Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, umbrotsmaður blaðsins,

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður og Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður.

Umræður voru góðar og var m.a. fjallað um efnisval og hugmyndir um útvíkkun þess, útgáfutíðni, stærð blaðsins og um reynsluna af útgáfunni frá því hún var endurvakin þann 30. apríl 2018. Ánægja félagsmanna er ritnefnd mikil hvatning og ennfremur að æ fleiri félagar koma nú að útgáfunni með innsendingu efnis til birtingar.



Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB ritstjóri CQ TF. Ljósmynd: TF3JB.

23. ágúst – US5ETV í Skeljanesi

Konstantyn Nikitenko, US5ETV heimsótti ÍRA ásamt dóttur sinni í Skeljanes föstudaginn 23. ágúst. Con, sem er búsettur í Úkraínu, ferðast mikið um heiminn og er í loftinu. Hann hefur m.a. verið QRV frá A9, 3B8, 3B9, 4S, 4W, 8Q, CP, ER, FR, FH, HC, HC8, HK og SU, en átti þess ekki kost að taka með sér stöð til Íslands að þessu sinni.

Hann hefur verið leyfishafi frá 11 ára aldri. Fyrsta kallmerkið var RB5ETV, en frá árinu 2011 hefur hann haft kallmerkið US5ETV. Hann er úr amatör „fjölskyldu“ því bróðir hans Misha, hefur kallmerkið UR7EZ og hann náði amatörprófi aðeins 10 ára gamall. Faðir þeirra bræðra er Alex, UR5ECV; mikill CW maður.



Konstantyn Nikitenko US5ETV og dóttir heimsóttu ÍRA 23. ágúst. Myndin er af Con á einni af hans mörgu ferðum til framandi landa með stöð og loftnet. Ljósmynd: Misha UR7EZ.

Con var mjög hrifinn af aðstöðu félagsins í Skeljanesi og ætlar að stilla næstu ferðaáætlun til landsins þannig upp, að hann geti heimsótt ÍRA á fimmtudagskvöldi. Þau feðgin voru yfir sig hrifin af náttúru landsins. Hann bað fyrir góðar kveðjur til félagsmanna og gat þess að íslenskir leyfishafar væru góðir „operatörar“.

23. ágúst – Ákvörðun PFS nr. 17/2019

Þann 23. ágúst var athygli stjórnarmanna ÍRA vakin á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 17/2019 er varðar fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvarnotkunar, dags. 16. júlí 2019, sem er til birtingar á heimasíðu stofnunarinnar. Kynning ákvörðunar PFS er eftirfarandi:

> Póst- og fjarskiptastofnun barst kvörtun frá neytanda vegna truflana á fjarskiptum. Í erindinu kom fram að talstöðvarnotkun nágrannans, sem að væri radíóáhugamaður, truflaði sjónvarpsmóttöku og gæði nettengingar kvartanda. Krafa kvartanda laut að því að framkvæmd yrði úttekt og lausn yrði fundin á málinu. Í kjölfar athugunar PFS var það ótvírætt álit stofnunarinnar að radíóútsendingar á tilteknum tíðnisviðum úr sendistöð nágrannans yllu fjarskiptatruflunum á VDSL línu kvartanda. Radíóáhugamaður taldi ekki sýnt fram á að búnaður hans væri bilaður og að útsendingar hans væru innan þeirra tíðnisviða sem að honum væru heimilaðar skv. leyfisbréfi.
>
> Með bráðabirgðaákvörðun þessari takmarkar PFS heimild radíóáhugamanns við útsendingar á tilteknum tíðnisviðum. Stofnunin vísar til þeirrar undirstöðuregla að fjarskiptavirki nýtur forgangs þegar kemur að því að notkun þess og annars tækis eða hlutar er ósamrýmanleg á sama stað á sömu stundu. Undir slíkum kringumstæðum og ef um skaðlega truflun er að ræða ber að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi hinn hlutinn, þ.e. truflunarvaldinn, þannig að honum sé breytt, hann færður úr stað eða fjarlægður, sbr. 64. gr. fjarskiptalaga.
>
> Radíóáhugamanni var því gert að takmarka útgeislað afl sendistöðvar sinnar á tilteknum tíðnisviðum. Með tilliti til sjónarmiða um meðalhóf þótti stofnuninni rétt að láta þau fyrirmæli gilda tímabundið, svo að hægt væri að nota sendibúnaðinn og radíóáhugamanni gæfist ráðrúm til að gera ráðstafanir sem að leystu truflanavandann.

Vefslóð á skýrslu PFS er:
https://www.pfs.is/urlausnir/akvardanir-pfs/
Upplýsingar voru settar á heimasíðu ÍRA og FB síður 23. ágúst. Stjórn ÍRA mun kynna sér málið samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

23. ágúst – TF3IRA brátt QRV á OSCAR 100

Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, VHF stjóri félagsins og Georg Kulp TF3GZ, mættu í Skeljanes laugardaginn 24. ágúst til góðra verka í þágu félagsstöðvarinnar.

Skipt var um m.a. um fæðilínu fyrir 2400 MHz merki frá transverternum. Þar með varð standbylgja í lagi og styrkur merkis batnaði um 3dB.



Skeljanesi 24. ágúst. Georg Kulp TF3GZ og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A vinna við að skipta út 2,4 GHz fæðilínunni. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Ennfremur voru gerðar nauðsynlegar stillingar á stöð og búnaði. Þegar tíðindamaður þurfti að yfirgefa staðinn laust fyrir kl. 13 var lokið vinnu utanhúss og strákarnir að færa sig inn í fjarskiptaherbergið.



Nýja fæðilínan kominn inn í fjarskiptaherbergið. Georg Kulp TF3GZ festir niður og gengur frá kaplinum. Ljósmynd: TF3JB.



Skeljanesi fimmtudagskvöldið 22. ágúst. Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A undirbýr framkvæmdir laugardagsins. Á myndinni má m.a. sjá vinnuborðið sem skipt var út fyrir stærra (sem sýnt er á næstu mynd). Ljósmynd: TF3JB.



Þótt ekki sé endanlega búið að koma fyrir Kenwood TS-2000 stöðinni og búnaði til fjarskipta um OSCAR 100 gervitunglið er myndin þó birt, til að sýna nýtt vinnuborð sem félagið fékk að gjöf fimmtudaginn 22. ágúst og þeir Njáll H. Hilmarsson TF3NH, Baldvin Þórarinsson TF3-033 og Gunnar B. Helgason TF3-017 gerðu klárt með samsetningu þá um kvöldið. Þar með eru öll fjarskiptaborðin þrjú í fjarskiptaherbergi TF3IRA sömu stærðar, þ.e. 150 x 75 cm. Ljósmynd: TF3JB.

Ari Þórólfur segir, að það styttist í að TF3IRA verði almennt QRV fyrir Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið.

Stjórn ÍRA þakkar þeim félögum.

28. ágúst – TF2LL fær DXCC Challenge

Georg Magnússon, TF2LL, er 6. íslenski leyfishafinn sem nú er handhafi DXCC Challenge frá ARRL. Viðurkenningin sjálf er afar glæsileg eins og sjá má á meðfylgjandi ljósmynd. Hamingjuóskir til Georgs.



Pakkningin nýopnuð og viðurkenningin blasir við. Vel heppnuð hönnun og glæsileg. Ljósmynd: TF2LL.

Aðrir handhafar DXCC Challenge hér á landi eru þeir TF3DC, TF3JB, TF4M, TF5B og TF8GX.

DXCC Challenge er viðurkenning sem sækja má um þegar staðfestar hafa verið a.m.k. 1000 band einingar (e. band entities) á 160 til 6 metrum (nema 60 metrum). Staðfest samband við nýtt land, t.d. á 20 metrum, veitir 1 punkt. Staðfest samband við sama land á 15 metrum veitir hins vegar ekki punkt.

Frekara dæmi: Haft er staðfest samband við ZS á 160 metrum. Ef einnig eru höfð staðfest sambönd við ZS á 80/40/30/40/15/12/10 metrum, þá bætast 7 punktar við áunna summu stiga. Mismunandi tegundir útgeislunar/mótunar skipta ekki máli.

29. ágúst – Snyrt til í Skeljanesi

Baldvin Þórarinsson, TF3-Ø33, mætti í Skeljanes upp úr hádeginu 29. ágúst. Á dagskrá var að hreinsa til og



Skeljanesi 29. ágúst. Baldvin Þórarinsson TF3-033 beitir sláttuorfinu á óæskilegan gróður. Grasvöxturinn upp við húsið var einnig fjarlægður.

gera snyrtilegt við húsið sjálft og við innganginn. Verkið gekk hratt og fljótt fyrir sig og er nú orðið



Þegar gangstéttarhellurnar voru settar við innganginn í húsið í fyrrahaust (2018) gekk allt vel um hríð. En síðan fór regnvatn að safnast fyrir til hliðar við hellurnar þar sem Baldi beitir rekunni og smám saman stíflaðist rásin að niðurfallinu sem er hinum megin við vegginn. Baldi hreinsaði þetta allt burt sem þýðir að á ný verður hægt að ganga inn í húsið á blankskóm þótt rigni verulega mikið.



Mikill munur. Allt annað og snyrtilegra er nú að nálgast innganginn í félagsaðstöðuna. Sjá má t.d. að illgresið sem áður var upp við húsvegginn er allt farið. Baldvin sagðist nokkuð ánægður en benti á að næst mætti huga að því að mála, a.m.k. tréveggin þar sem TF3IRA skiltið er fest. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.

boðlegt fyrir félagsmenn og gesti að heimsækja staðinn.

Leigumarkaður BYKO í Breidd sá okkur fyrir Honda sláttuorfi með öflugum bensínmótor, en Baldi kom færandi hendi með stunguskóflu og raksturs-áhöld heiman að frá sér.

Bestu þakkir til Baldvins fyrir vel unnið verk.

29. ágúst – KE1R og N1DSP í Skeljanesi

Góð mæting var í félagsaðstöðuna í Skeljanesi 29. ágúst. M.a. kom Elín Sigurðardóttir, TF2EQ á staðinn, en hún er í stuttri heimsókn á Íslandi um þessar mundir. Heiðursgestir kvöldsins voru hjónin Thomas W. Brooks, KE1R og XYL Rosemarie Bagioni, N1DSP frá Connecticut í Bandaríkjunum.



Tom KE1R í fjarskiptaherbergi félagsins. Hann var afar ánægður með að ná samböndum við vini sína heima í Connecticut frá TF3IRA. Hann sagði fjarskiptaaðstöðuna fyrsta flokks hjá félaginu.

Þau hjón búa steinsnar frá aðalstöðvum ARRL og starfar Tom þar m.a. sem sjálfboðaliði og Rosemarie er virk í neyðarfjarskiptum radíóamatöra þar um slóðir. Þau voru afar ánægð með ferðina til Íslands og áttu vart nógu sterk orð um fegurð náttúru landsins.



Rosemarie N1DSP átti gott samtal við Elínu TF2EQ. Hún er mjög áhugasöm um allt í sambandi við amatör radíó og er m.a. virk í neyðarfjarskiptum í Connecticut.

Þau voru jafnframt ánægð með að hitta svo marga íslenska leyfishafa, en 24 félagsmenn mættu í Skeljanes þetta síðasta kvöld ágústmánaðar.



Við stóra borðið. Frá vinstri (næst myndavél): Einar Kjartansson TF3EK, Jón Björnsson TF3PW, Benedikt Sveinsson TF3T, Baldvin Þórarinsson TF3-033, Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB og Bernhard M. Svavarsson TF3BS.



Ólafur Örn Ólafsson TF1OL og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS litu upp eitt augnablik frá umræðum um loftnet.



Vel fór á með þeim Jóni E. Guðmundssyni TF8-020 og Hans Konrad Kristjánssyni TF3FG í leðursófasettinu.



Bernhald M. Svavarsson TF3BS og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A. Ari vann við stillingar á búnaði TF3IRA til fjarskipta um Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið. Fróðlegt og áhugavert var að heyra hann hafa sambönd, m.a. við OZ3CC (TF3CC) í Danmörku og radíóamatöra í Suður-Afríku um gervitunglið. Góður styrkur, ekkert QSB o.s.frv. sem vaninn er að þurfa að lifa við á HF böndunum. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.

29. ágúst – Gjafir til félagsins

ÍRA hefur borist að gjöf tveir vandaðir stólar til notkunar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Það var Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, sem færði félaginu þessa nytsömu gjöf fimmtudaginn 29. ágúst.



Leðurstólarnir sem TF1A færði félaginu að gjöf 29. ágúst. Þeim hefur verið valinn staður í fundarsal í Skeljanesi.


Stólarnir koma í góðar þarfir og hefur verið fundinn staður í fundarsal á 1. hæð. Sama dag komu Thomas W. Brooks, KE1R og XYL Rosemarie Bagioni, N1DSP í heimsókn í Skeljanes og færðu félaginu að gjöf bækurnar *Guide to HF Data on FT8 & PSK using WSJT–X and Fldigi* eftir Rob Walker, G3ZJQ og *Energy Choices for the Radio Amateur* eftir Bob Bruninga, WB4APR. Báðar eru nýjar á markaði og komu fyrst út á þessu ári, 2019.

Þá færðu þau hjón okkur ennfremur nýjustu útgáfurnar af QEX og NCJ tímaritunum sem eru gefin út af ARRL. Gjafirnar verða merktar og munu liggja frammi í Skeljanesi.



Bækurnar og tímaritin sem þau KE1R og N1DSP færðu félaginu að gjöf 29. ágúst munu liggja frammi í Skeljanesi. Myndir: TF3JB

Stjórn ÍRA þakkar gefendunum góðar og nytsamar gjafir.



VHF/UHF leikar 2019

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY

Inngangur

Markmiðið VHF/UHF leikanna er fyrst og fremst að hafa gaman af áhugamálinu í VHF tíðnisviðinu og ofar. Hugmyndin er að örva amatörmennskuna innanlands og sérstaklega hvetja þá til að fara í loftið sem eru nýir í áhugamálinu eða hafa verið í dvala um tíma.

Markmið þátttakanda er að ná sem flestum samböndum, yfir sem lengstar vegalengdir og sem víðast um landið. Fyrir þá sem eiga þess kost að vera „færanlegir“ má ná auka stigum með að færa sig á milli staða. Hægt er að taka þátt með stöðvum í heimahúsum, sumarbústöðum og hjólhýsum, eða með handstöðvum frá fjallatoppum (eða annars staðar frá) eða í bílum, á mótorhjólum eða (þess vegna) á reiðhjólum eða öðrum farartækjum.


VHF/UHF leikarnir 2019, úrslit

Leikarnir 2019 fóru fram helgina 20.-21. júlí. Þátttaka var góð og voru alls 18 virkar stöðvar með QSO. Það er næstbesta þátttaka frá upphafi (2012) en 2018 voru 19 virkar stöðvar. QSO voru alls 237 í gagnagrunni og heildarvegalengd var alls 12.304 km.

Landfræðileg dreifing var með ágætum að þessu sinni, m.a. frá Borgarfirði, Akranesi, Hveragerði, Stokkseyri, Keflavík, Garðskaga, Vogum, Eyjafjöllum, Skálpanesi (við Brún Langjökuls), úr Bláfjöllum, fjallinu Búrfelli (í Grímsnesi) og frá fjallinu Þríhyrningi (í nágrenni Hvolsvallar í Rangárvallasýslu), auk stöðva á stór-Reykjavíkursvæðinu.



Frá verðlaunaafhendingu í Skeljanesi 8. ágúst. Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, flutti greinargóða kynningu um VHF/UHF leikana 2019. Þar kom m.a. fram, að landfræðileg dreifing þátttakenda var með því mesta sem verið hefur, auk þess sem þátttakan í ár var sú næstmesta frá upphafi árið 2012. Ljósmynd: Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB.



Þeir reitir sem voru virkjaðir í VHF/UHF leikunum 2019 eru merktir með grænum punktum. Það voru: HP84, HP83, HP94, HP93, IP03 og IP04.

Leikarnir fóru fram á 2 metrum, 4 metrum, 6 metrum, á 70, 23 og 13 sentímetrum. Allar tegundir útgeislunar voru heimilar. Hafa mátti samband hvenær sem var þessa 2 sólarhringa og við sömu stöð oftar en einu sinni, en a.m.k. 6 klukkustundir þurftu að líða á milli sambanda til að fá punkta.

Verðlaun voru afhent 8. ágúst og voru úrslit eftirfarandi:

1.	Óðinn Þór Hallgrímsson	TF2MSN	2.480 stig.
2.	Hrafnkell Sigurðsson,	TF8KY	2.160 stig.
3.	Ólafur B. Ólafsson,	TF3ML	1.581 stig.



Verðlaunahafar í VHF/UHF leikum ÍRA 2019 ásamt formanni. Frá vinstri: Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN sem hlaut 1. verðlaun, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY sem hlaut 2. verðlaun, Ólafur B. Ólafsson TF3ML sem hlaut 3.verðlaun og Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA. Ljósmynd: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.



Myndin er af glæsilegum verðlaunagripum í VHF/UHF leikunum 2019. Ljósmynd: TF3JB.

Ólafur B. Ólafsson, TF3ML og Garðar Valberg Sveinsson, TF8YY, settu Íslandsmet á 23cm í leikunum þegar þeir náðu sambandi á FM mótun á 1294.5 MHz. Ólafur var staðsettur í reit IP04bc á fjallinu Búrfelli í Grímsnesi og Garðar var heima í Keflavík í reit HP84ra. Ólafur sagði að styrkur merkisins frá Garðari hafi verið á milli S2-S3.



TF3ML var /M á fjallinu Búrfelli. ICOM IC-9700 stöðin vinnur á 2m, 70cm og 23cm. Mynd: TF3ML

Eldra met var 117 km; sett í útileikunum 2018. Það var samband á milli TF3ML sem þá var staddur sunnanmegin á Fróðárheiði (skammt frá Búðum) og TF1A í Reykjavík.

Undirbúningur VHF/UHF leikanna var einkum í höndum TF8KY og TF2MSN, auk TF3ML. TF8KY annaðist og endurbætti sérstakan gagnagrunn leikanna (og hjálparsíðu) á netinu vegna innsetningar á



Mynd til hægri: TF8KY kallar CQ VHF/UHF leikar. Mynd til vinstri: TF8TY í QSO'i í leikunum. Myndirnar af þeim feðgum voru teknar /M á Garðskaga, en þeir voru einnig QRV í leikunum heiman frá í Vogum og víðar. Ljósmyndir: TF8KY og TF8TY.

samböndum. Óðinn Þór aðstoðaði bæði við kynningu og undirbúning og Ólafur var bakhjarl leikanna. Bestu þakkir til þeirra beggja og stjórnar ÍRA fyrir stuðninginn.



TF8KY og TF8TY /M á Garðskaga. Ferðamastrið er 10m Sota-Pole frá frá SotaBeam en sex el. YAGI loftnetið er heimasmíðað. Ljósmynd: TF8KY



TF1MT/P var með Yaesu FT-3DR handstöð á toppi Þríhyrnings. Ljósmynd: TF1MT.



TF3LM hér /M á Skálpanesi við brún Langjökuls. Mynd: TF3LM.



Heimastöð TF3JB í VHF/UHF leikunum: ICOM IC-2820H 50W; VHF/UHF FM stöð, Palstar SP30 borðhátalari, Yaesu FP-1030A aflgjafi og Diamond CN-801V (140-525 MHz) sambyggður standbylgju- og aflmælir. Ljósmynd: TF3JB.

VHF/UHF LEIKARNIR 2019; HEILDARÚRSLIT

Úrslit í VHF/UHF leikum ÍRA 2019 samkvæmt heildarstigum.

Nr.	Kallmerki	Nafn	QTH	Heildarstig
1.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	Akranes	2.480
2.	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	Vogar og /M	2.160
3.	TF3ML	Ólafur B. Ólafsson	Grímsnesi og /M	1.581
4.	TF1MT	Magnús Ragnarsson	Hvolsvöllur og /P	1.479
5.	TF8TY	Björn Þór Hrafnkelsson	Vogar og /M	1.476
6.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	Hafnarfjörður og /P	803
7.	TF3LM	Jón G. Guðmundsson	Reykjavík og /M	611
8.	TF3JB	Jónas Bjarnason	Reykjavík	508
9.	TF3IRA	Íslenskir radíóamatörar (op. TF3JB)	Reykjavík	480
10.	TF1GW	Þór Þórisson	Stokkseyri	184
11.	TF3JA	Jón Þ. Jónsson	Grímsnes	182
12.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	Miðbælisbökkum og /M	180
13.	TF2LL	Georg Magnússon	Borgarfjörður	138
14.	TF3VS	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	Grímsnes	72
15.	TF1A	Ari Þórólfur Jóhannesson	Reykjavík	40
16.	TF8YY	Garðar Valberg Sveinsson	Keflavík	36
17.	TF3Y	Yngvi Harðarson	Reykjavík	15
18.	TF3PW	Jón Björnsson	Reykjavík	0

Heimasmíðuð vinda fyrir UHF tengi


Sum kapaltengi eru þannig útbúinn að í þeim er skrúfgangur til að tryggja þau á kaplinum, en eru svo lóðuð við að öðru leyti. En hver kannast ekki við erfiðið við að skrúfa UHF tengi upp á RG213 kapal, svo dæmi sé tekið. Ef maður freistast til að tálga af kapalkápunni er ekkert nema lóðningin sem hefur togfestu og það er ekki gott.

Í sumar lenti ég í þessu og hugsaði með mér að það hlytu að vera einhver ráð til að auðvelda samsetninguna.

Ég sá að erlendar verslanir, eins og DX Engineering selja sérstök tæki til þessa, en þau eru rándýr og ekki bætir nýja verðskrá Póstsins úr skák. En hvað með að útbúa einhverskonar handfang sem virkar svipað og snittvinda? Ég fór því í efniskassann og útbjó mér síðan tækið sem sjá má á myndinni. Þetta er rennt úr POM plasti, sagað út úr í bandsög og að lokum er hersluskrúfa sett í til að halda öllu föstu í samsetningunni. En þetta var ekki nóg, þegar gott handtak er komið á tengið þarf að halda kaplinum líka. Ég tók því sæmilega svert, sívalt POM plast sem fór vel í hendi og boraði 10mm gat eftir því endilöngu. Því næst sagaði ég það langsum í bandsöginni, en þó ekki alveg út úr og virkar haftið sem löm. Nú var ekkert mál að skrúfa tengið á, hi.



Hér er allt tilbúið til að skrúfa tengið upp á kapalinn.



Hér sést vindan og hvernig sagað er út úr henni til þess að herða megi að tenginu eftir þörfum. Notuð er skrúfa fyrir sexkantlykil til hægðarauka. Aftar á myndinni má svo sjá kapalhandfangið sem er sagað næstum í tvennt. Myndir: TF3VS.

73 de TF3VS



Ham Radio 2019 í Friedrichshafen

Jónas Bjarnason, TF3JB

Ham Radio sýningin 2019 í Friedrichshafen í Suður-Þýskalandi var haldin helgina 21.–23. júní. Alls sóttu 18 Íslendingar viðburðinn þetta árið, 14 leyfishafar og 4 makar. Flestir fara núorðið út á fimmtudegi og heim á sunnudegi og þá er um að ræða 4 daga ferð (3 gistinætur). Slík „hraðferð“ er hagkvæm fjárhagslega, enda kostaði hún þá sem höfðu keypt flug og gistingu í tíma, á bilinu frá 80 til 100 þúsund krónur (eftir flugi og gæðum gistingar).



Ham Radio sýningin í Friedrichshafen hefur verið árlegur viðburður frá 1975.

Sýningin er í meginatriðum fjórskipt:

(1) Miðlægt er stór aðalsalur þar sem sýnd eru (og seld) ný tæki og búnaður frá helstu framleiðendum í heiminum, auk sýningarbása fyrir landsfélög og einstök áhugasamtök radíóamatöra.

(2) Til hliðar við aðalsal, eru fjórir stórir salir (líkjast flugskýlum að stærð). Þar sem í boði eru notuð tæki og margskonar búnaður; einskonar flóamarkaður.

(3) Á jarðhæð og efri hæð, eru tíu fyrirlestrar- og fundarsalir þar sem í boði eru annarsvegar, erindi um margvísleg umfjöllunarefni sem varða áhugamálið, og hinsvegar, þar sem hin ýmsu áhugasamtök nýta sýninguna hittast (t.d. Diplom Interessen Gruppe, DIG) og ræða sértæk áhugamál.

(4) Á kvöldin eru viðburðir eftir að sýningarsalir loka, t.d. „The HF DX Dinner“ og „The IOTA Dinner“. Þess má geta til viðbótar, að mjög vinsælt er að radíóamatörar, víðs vegar að úr heiminum, mæli sér mót á sýningunni, en leyfishafar frá 40–50 þjóðlöndum sækja sýninguna ár hvert.

Spennandi nýjungar

Margir voru spenntir fyrir að sjá nýju HF/50 MHz stöðina, FTdx101D frá Yaesu, sem var heimsfrumsýnd á Dayton mánuði fyrr, eða 17. maí s.l. Bæði er, að stöðin er búin nýrri gerð bandsjár, sem gefur 3D sýn og hins vegar, að hún hlaut besta útkomu (af alls 142 tækjum) samkvæmt mælingaskýrslu Sherwood þann 10. maí hvað varðar gæði viðtækis, samkvæmt „Third-Order Dynamic Range - Narrow Spaced“ viðmiðun.



Yaesu FTdx101MP stöðin. Borðhátalararnir SP-100 setja skemmtilegan svip (sitt hvoru megin). Lengra til vinstri má sjá 24“ borðskjá. Ljósmynd: TF3JB.

Stöðin er afar glæsileg hönnun og verður áhugavert



Hópurinn sem ferðaðist saman í flugi FI–530 til München í flugstöðinni í Keflavík að morgni 20. júní. Frá vinstri: Daggeir Pálsson TF7DHP, Sigrún Á. Haraldsdóttir XYL TF3DT, Ólafur B. Ólafsson TF3ML, Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33, Jónas Bjarnason TF3JB og Þórður Adolfsson TF3DT. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.



Elecraft sýningarbásinn var fjölsóttur, enda margt til sýnis eftirsóknarvert, m.a. nýja K4 stöðin og KPA1500 RF magnarinn. Ljósmynd: TF3JB.

að fylgjast með hvort samkeppnisaðilarnir muni búa sínar stöðvar sambærilegum bandsjám. Tvær útgáfur eru í boði, FTdx101D, 100W og FTdx101MP, 200W. 100W stöðin er boðin á $3.900 (þegar þetta er skrifað) og 200W stöðin á $5.200. Dýrari stöðin er væntanlega á markað haustið 2019.

Menn voru ekki síður spenntir fyrir að sjá nýju K4 HF/50 MHz stöðina frá Elecraft (einnig heimsfrumsýnd á Dayton 2019). Endanlegar tækniupplýsingar liggja þó ekki fyrir (þegar þetta er skrifað), enda stöðin ekki komin á markað. Líklega verður nýja „4-línan“ þó búin 2 og 4 metra böndunum, auk 70 sentímetra (líklega valkvætt).

Stöðin er afar glæsileg. Meðal nýjunga má nefna, að þegar tengdur er borðskjár, þá þarf hann ekkert frekar að sýna sömu mynd og er á innbyggðum skjá, heldur getur stöðin t.d. sýnt mynd á viðtæki 2 (sem gæti verið stillt á annað band), o.s.frv. Þrjár útgáfur verða í boði: K4 (verður þó ekki seld ósamsett), K4D og K4HD. K4 stöðin er væntanleg á markað í haust, en hinar tvær koma á nýju ári, 2020. K4/10-F er ódýrust (sem 10W útgáfa) og verður boðin á $3500. 100W útgáfan kostar $4000. Vilji menn innbyggða loftnetsaðlögunarrás, þarf að bæta við $500.

Fyrir marga var áhugavert að koma við á sýningarbásnum hjá Elad Elettronica, en þar var til



Nýju DUO-X stöðinni frá Elad svipar til annarrar framleiðslu fyrirtækisins sem þykir framúrskarandi í hönnun og vönduð í smáatriðum. Ljósmynd: Elad.

sýnis frumgerð nýju HF/50 MHz stöðvarinnar, Elad Duo-X. Stöðin er glæsileg hönnun eins og við er að búast af Ítölunum og er væntanleg á markað á næsta ári, 2020. Tvær útgáfur verða í boði, búnar 120W og 220W sendum. Franco, IU3ADL stofnandi og aðaleigandi Elad var til svara þegar spurt var um væntanlegt verð á Duo-X og sagði hann að stefnt væri að því að 120W stöðin yrði undir €3000.

Aðrar áhugaverðar heimastöðvar, voru m.a. FlexRadio 6600M. Sú stöð er ein af fjórum nýjum stöðvum sem FlexRadio frumsýndi á Dayton 2017, en línan samanstendur af gerðum 6400, 6400M, 6600 og 6600M. Þetta eru 100W SDR stöðvar fyrir HF/50 MHz. Flex 6600M er glæsileg stöð og Maestro stjórnborðið er búið 8“ bandsjá.



24“ skjár var tengdur við FlexRadio 6600M stöðina. Ljósmynd. TF3JB.

Þá má geta um MB1 Prime heimastöðina frá Expert Electronics í Rússlandi. Þessi 100W SDR stöð kom fyrst á markað fyrir fjórum árum en hefur nú verið endurmarkaðssett í þremur útgáfum, búin innbyggðum örgjörva fyrir Windows stýrikerfið. Stjórnborð hefur 8“ bandsjá.



Expert MB1 Prime þykir vegleg heimastöð. Mörgum finnst „kúptur“ fjölsviðsmælirinn gefa skemmtilegt útlit, auk þess sem hann hefur skemmtilegar“ hreyfingar sem S-mælir. Ljósmynd: TF3JB.

MB1 stöðin á sýningunni var „miðjutýpan“, þ.e. búin Windows 10 stýrikerfi, i7 6700T Intel örgjörva, 16 Gb vinnsluminni og 525 Gb hörðum diski. MB1 stöðvarnar þekja HF/50 MHz, auk 2 metra bandsins.

Nokkrir aðrir sýnendur

Ekki er mögulegt að gera sýningunni sanngjörn skil í stuttri umfjöllun eins og þessari, en til að sýna viðleitni, eru hér eru birtar myndir af nokkrum sýningarbásum sem þeim sem þetta ritar fannst áhugaverðir.



Hans GØUPL hjá QRP Labs er mörgum íslenskum leyfishöfum að góðu kunnur, en hann býður m.a. áhugavert úrval QRP tækja. Ljósmynd: TF3JB.



OptiBeam var með rúmgott sýningarrými. Að þessu var kynnt OB10-5M loftnet sem er 5 banda „minibeam“ fyrir 20–10 metra böndin. XYL DF2BO er fyrir miðju en Tom Schmenger DF2BO, eigandi OptiBeam, er vinstra megin í hópi viðskiptavina. Ljósmynd: TF3JB.



Þórður Adolfsson TF3DT skoðar rápstangir úr áli hjá Spiderbeam sem þeir bjóða, auk glertrefjastanganna þekktu. Mynd: TF3JB



9A9CW og 9A5N frá Króatíu höfðu til sölu morslykla „9A5N Solid State CW Paddles“. Ljósmynd: TF3JB.



https://www.loopantennai3vhf.com/ er fyrirtæki Ciro Mazzoni I3VHF, sem býður m.a. áhugaverð „lúppu“ loftnet í mismunandi útgáfum frá 3.5-30 MHz og fyrir allt að 1kW. Ljósmynd: TF3JB.

Flóamarkaður

Eins og nefnt er í byrjun eru fjórir stórir salir (sem líkjast helst flugskýlum að stærð) til hliðar við aðalsýningarsalinn. Þar sem í boði eru notuð tæki og margskonar búnaður; einskonar flóamarkaður. Þar fá einstaklingar úthlutað borðum til að selja notuð amatörtæki og aukahluti. Amatörar allsstaðar úr álfunni koma með tæki á staðinn. Úrvalið er mikið og auðvelt að gleyma sér við að skoða dótið. Hér fylgja nokkrar myndir til að gefa hugmynd um úrvalið.



Collins, R.L. Drake, Kenwood, Yaesu HF stöðvar og viðtæki. Einnig ýmsar VHF og UHF stöðvar. Ljósmynd: TF3JB.



Hallicrafters SX-117, HT-44 og PS-149 aflgjafi. JRC NRD-525G og Hagenuk RX1001M. Ljósmynd: TF3JB.



Myndin sýnir hluta sýningarsvæðisins (í einum sal af fjórum) sem hýsir flóamarkaðinn í Friedrichshafen, þar sem leyfishafar alls staðar að úr Evrópu koma með eldri (eða jafnvel nýjan búnað) og bjóða til sölu. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



R.L. Drake tæki: R-4, R-4B, T-4X og MS-4. Einnig 2-B og 2-BQ.



Úrval lampa var í boði á mörgum söluborðum, nýir sem notaðir.



Ætíð er áhugavert að sjá heilstæðar „línur" fjarskiptatækja og vel með farnar (og oft uppgerðar) eins og t.d. Collins S-línuna hér til hliðar. Ekki skaðar þegar verðlag er hagstætt . Ljósmyndir: TF3JB.

Svipmyndir frá sýningunni

Algengt er að rekast á aðra íslenska leyfishafa á sýningarsvæðinu þrátt fyrir að íslenski hópurinn hafi ekki verið nema 18 manns – samanborið við 15.400 gesti sem heimsóttu sýninguna í ár.



Svanur Hjálmarsson TF3AB og Elín Sigurðardóttir TF2LQ. Ljósmynd: TF3JB.



Ólafur B. Ólafsson TF3ML og Kristján Benediktsson TF3KB. Ljósmynd: TF3JB.



Farið út að borða í Friedrichshafen. Frá vinstri: Erik Finskas TF3EY (OH2LAK) og XYL Hildur Ey Sveinsdóttir, Baldvin Þórarinsson TF3-Ø33, Erling Guðnason TF3EE, Jónas Bjarnason TF3JB, Þórður Adolfsson TF3DT og XYL Sigrún Á. Haraldsdóttir, Ólafur B. Ólafsson TF3ML og Daggeir Pálsson TF7DHP. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.



Benedikt Sveinsson TF3T og Þórður Adolfsson TF3DT. Ljósmynd: TF3JB.



Jónas Bjarnason TF3JB og Hans Hilberling DK7LG. Ljósmynd: TF3DT.

Sýningin að ári (2020) verður haldin helgina 26.–28. júní. *73 de TF3JB.*

TF3RPI uppfærður úr G2 í G3

Stafrænn endurvarpi Ólafs B. Ólafssonar TF3ML, TF3RPI í Bláfjöllum var uppfærður 18. september úr G2 í G3, þ.e. úr 32 bita kerfi í 64 bita kerfi. Endurvarpinn hefur gátt yfir netið út í heim og hefur uppfærslan í för með sér aukna möguleika og vinnslugetu. TF3RPI styður þar með nýjustu D-STAR uppfærslurnar frá ICOM.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri ÍRA, annaðist verkefnið með aðstoð Terry M. Stader, KA8SCP.



Mynd af tækjaskápnum fyrir TF3RPI í stöðvarhúsinu í Bláfjöllum. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.



SYLRA í Lilleström í Noregi

5.–8. september 2019

Anna Henriksdóttir, TF3VB og Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD

Anna TF3VB og Vala TF3VD lögðu af stað til Noregs að morgni 5. September. Við komu til Oslo var tekin lest til Lilleström ásamt Finnunum sem við hittum á flugvellinum. Þrátt fyrir rigningarspá tók Lilleström á móti okkur með sól og 23 gráðu hita. Við fundum hótelið strax við enda lestarstöðvarinnar en gátum ekki bókað okkur inn fyrr en kl. 15 svo við skunduðum á veitingahús með Finnsku systrunum Marita OH5KIZ og Anita OH5FN. Við sátum á veitingahúsinu þegar það kom rigningarský og haglél smá stund, en það létti svo upp og við röltum til baka á hótelið þar sem Unni LA6RHA og Ingrid LA8FOA tóku á móti okkur með gjöfum. Við skráðum okkur strax á lista til að fara í loftið frá Morokulien daginn eftir. Svo var haldið inn á hótelherbergi og stjórnarfundur undirbúinn, en við erum báðar í stjórn SYLRA, Vala formaður og Anna vefstjóri.



Vala Dröfn, TF3VD lét af formennsku í SYLRA eftir 6 ára samfellda setu. Ingrid, LA8FOA tók við. Ljósmynd Anna Henriksdóttir, TF3VB.

Stjórnarfundur var kl. 17 og varði í þrjá tíma. Vala lét af störfum sem formaður en hún hefur verið við stjórn í sex ár en enginn vill taka að sér vefstjórn svo Anna situr enn. Stjórnin raðaði niður verkefnum fyrir fund morgundagsins og ræddi ýmis mál s.s. mögulegar leiðir í að kynna amatörmennskuna fyrir yngra fólki og þá sérstaklega konum. Eftir stjórnarfund var kíkt niður í lobby til að hitta aðra þátttakendur en stöldruðum ekki lengi við enda langur dagur að baki.

Morgunmatur var með besta móti á þessu fína hóteli, allt til alls og klukkan 9.30 var lagt af stað til Morokulien. Við lentum í töfum á leiðinni og náðum því ekki að vera komin á áfangastað kl. 11 eins og til stóð og því misstum við af okkar tíma í talstöðinni. Við komum á staðinn um kl. 12.30 og þá var skundað í beint salinn til að snæða léttan hádegisverð. Að honum loknum byrjuðum við strax á fundarstörfum. OM fóru því í stöðina fyrstir eftir að hafa fengið kökubita og kaffi með sér.

Nokkur mál lágu fyrir fundinum og við urðum að drífa dagskrána af stað og halda vel áfram til að hafa tíma til að koma öllum í loftið eins og búið var að lofa.

Ingrid LA8FOA tók við formennsku af Völu og þegar við vorum búnar með almenn fundarstörf sögðu nokkrar YL frá skemmtilegum viðburðum í stuttu máli. Við gæddum okkur á vel skreyttri SYLRA-köku og drukkum kaffi á meðan við hlustuðum á Inger OZ6AGR segja frá listviðburði sem átti sér stað í Danmörku í fyrra. Hún tók þátt í viðburðinum með því að tala í talstöð á meðan önnur YL morsaði það sem hún sagði og því var einnig varpað á skjái á turni í Kaupmannahöfn sem morsljósmerki. Þessu var einnig útvarpað og sjónvarpað. Í framhaldi var haft samband við Inger og hún beðin um að aðstoða við að safna upptökum frá YL um víða veröld. Það var svo tekið saman sem tónverk. Við fengum upptöku af þessum viðburði sem verður vonandi settur á heimasíðu SYLRA fáist til þess leyfi.



Lífleg frásögn Elínar af ungliðastarfinu vakti athygli. Ljósm. Anna Henriksdóttir TF3VB.

Elín TF2EQ sagði frá ungliðastarfi YOTA sem hún hefur verið að fara á í Búlgaríu og víðar. Hún kynnti þetta mjög vel og það voru margir áhugasamir um að heyra um ungliðastarfið og hversu vel henni tókst að kynna SYLRA á Yota ráðstefnunum. Margir ungliðar höfðu ekki hugmynd um að við værum til.

Anna TF3VB sagði frá Frakklandsferð hennar og Völu TF3VD til Île de Noirmutier í fyrra og svo kynnti Marita OH5KIZ hvað er búið að undirbúa nú þegar í sambandi við SYLRA ráðstefnuna 2021 í Finnlandi. En hún reiknar með að vera með ráðstefnuna í Turku í ágúst 2021. Einnig báru nokkrar fundarkonur kærar kveðjur til okkar frá fjarverandi

meðlimum. Stór bunki af póstkortum með kveðjum til meðlima SYLRA gekk á milli fundarmanna og tók Gertrud DK8LQ að venju að sér að stýra kortaskrifum og senda póstkortin. Skemmtilegur siður sem hefur haldist nánast frá upphafi.

Við fórum loks í loftið í litla sjakknum í Morokulien eftir að flestar konurnar voru búnar að kaupa póstkort og senda kortin frá öðru hvorum póstkassanum sem eru á staðnum. Noregsmegin við landamæralínuna er rauður kassi og Svíþjóðarmegin við sömu línuna er gulur. Höfðu allir gaman af því að geta valið um rauðan eða gulan póstkassa.

Amatörklúbbur Morokulien varð fyrir því óhappi sl. vetur að beam-ið þeirra fauk niður þannig að loftnetsskógur þeirra var nokkuð lélegur. Það var því einungis ein talstöð í loftinu en það sló ekkert á gleði fólks með að komast í loftið. Allir sem vildu fengu tækifæri til að taka örfá sambönd.



Ekki náðust mörg sambönd frá Morokulien og engir langir DX-ar, en þó var reynt og varð hin besta skemmtun. Hér er Elín, TF2EQ við hljóðnemann. Ljósmynd Anna Henriksdóttir, TF3VB.

Í Morokulien er einnig friðarmerki , há súla og lítil brú á milli Noregs og Svíþjóðar. Kvennafans raðaði sér á þessa litlu brú fyrir hópmyndatökuna. Við fórum síðan með rútu til Charlotteborg (í Svíþjóð) í kvöldverð kl 18 og fengum bragðgóðan kvöldmat. Þaðan fórum við um kl 20 og vorum komin á hótelið í Noregi um kl 22. Það voru þreyttir ferðalangar sem fóru beint í bólið þegar heim var komið.

Á laugardagsmorgun var farið af stað strax eftir morgunmat til Eidsvoll. Þar sem við fengum frábæra leiðsögn um staðinn og sögu Noregs. Þarna var stjórnarskrá Noregs samin á sex vikum árið 1814. Við fórum að skoðunarferð lokinni á veitingahúsið í Eidsvoll í vöfflukaffi. Þar var hægt að sjá fleiri sýningar og kíkja á landareignina. Það helliringdi svo við vorum að mestu leiti inni þar til rútan kom.

Frjáls tími var frá því við komum aftur til Lilleström og þar til hátíðarkvöldverður byrjaði með kampavíni í fordrykk. Við settumst svo til borðs, fengum góðan



Eidsvoll herragarðurinn var heimsóttur, en þar var norska stjórnarskráin undirrituð árið 1814. Ljósmynd Anna Henriksdóttir, TF3VB.

mat og svo stóðu nokkrir þátttakendur upp og þökkuðu fyrir sig með ræðum og söng. Það var langt liðið á nóttina þegar við skunduðum í bólið. Morguninn eftir voru flestir kvaddir í morgunmatnum.

Þátttakendur á þessari SYLRA ráðstefnu voru að þessu sinni 26 frá 9 löndum, Danmörku, Noregi, Íslandi, Svíþjóð, Finnlandi, Bretlandi, Þýskalandi, Bandaríkjunum og Ástralíu. Margir fóru heim að ráðstefnu lokinni en sumir fóru til Bergen til að taka þátt í aukaferð ráðstefnunnar sem var sigling með



Ekki væsti um hópinn og margt var að skoða meðan beðið var inni eftir rútunni í hellirigningu. Ljósm. Anna Henriksdóttir TF3VB.

Hurtigruten upp með öllum Noregi frá Bergen til Kirkenes. Alls voru 14 manns sem tóku þátt í siglingunni og þar af voru 4 sem ekki komu á SYLRA ráðstefnuna en mættu hópnum í Bergen. Meðlimir SYLRA eru nú 140 frá 26 löndum.

Elín hélt til Hollands en Anna og Vala skoðuðu Noreg áfram í 4 daga áður en haldið var heim. Það er ávallt erfitt að kveðja góða vini og þessir radíóamatörar eru yndislegir vinir og félagar sem við njótum að hitta annað hvert ár í Skandinavíu. Við erum strax farnar að hlakka til að hitta þau í Turku í Finnlandi árið 2021. Vonandi slást fleiri TF-YL í hópinn með okkur þá.



WRC-19 ráðstefnan

Jónas Bjarnason, TF3JB

Radíótíðniráðstefna Alþjóða fjarskiptasambandsins, ITU (*International Telecommunications Union*) – WRC-19 (*World Radiocommunication Conference*) – verður haldin í Egyptalandi 22. október til 22. nóvember 2019. Þetta er alheimsráðstefna sem haldin er á fjögurra ára fresti þar sem teknar eru ákvarðanir í tíðnimálum heimsins. Alls eiga 193 þjóðríki aðild að ITU, auk um 700 fagaðila, þ.á.m. háskólastofnana. Ísland er aðildarríki og mun Póst- og fjarskiptastofnun senda fulltrúa á ráðstefnuna. Ísland fer með eitt atkvæði eins og önnur aðildarríki.

Kristján Benediktsson, TF3KB, IARU/NRAU tengiliður ÍRA, birti fróðlega og vel fram setta grein í síðasta CQ TF.[1]

Undirbúningsfundur

Mikil undirbúningsvinna fer fram hjá ITU og svæðisbundnu fjarskiptasamböndunum hverju sinni, við útfærslu á tæknilegum grunni framkominna tillagna og samræmingu sjónarmiða til að ná samkomulagi. Erfiðara hefur verið að ná niðurstöðu en áður síðan tekið var upp það vinnulag að leita eftir sammæli, þ.e. að allir séu sammála.

Á CEPT undirbúningsfundi fyrir ráðstefnuna í ár [og 2023], sem haldinn var í Ankara í Tyrklandi 26.-30. ágúst náðist sammæli um, að lögð verði fram eftirfarandi tilmæli (*e. recommendations*) sem varða radíóamatöra:[2]

§ ECP samþykkt (e. *European Common Proposal agreement*) þess efnis, að radíóamatörum verði úthlutað tíðnisviðinu 50-52 MHz í Svæði 1 á víkjandi grundvelli með neðanmálsgrein, þar sem þau þjóðríki verði auðkennd sem veita radíóamatörum ríkjandi aðgang að tíðnisviðinu 50-50.5 MHz.



Mynd frá síðustu radíótíðniráðstefnu ITU sem haldin var í Genf í Sviss árið 2015. Ljósmynd: ITU.

1 CQ TF, 3. tbl. 2019, bls. 28-33. um fyrirsögninni „Nokkur málefni radíóamatöra á alþjóðavettvangi“ þar sem hann kom m.a. inn á væntanlega WRC-19 ráðstefnu. Eftirfarandi umfjöllun er hugsuð til viðbótar þeirri grein, einkum um það sem hefur gerst síðan.

2 Hér er getið um hluta CEPT undirbúningsvinnunnar, en því skal haldið til haga að það eru fleiri svæðisbundin fjarskiptasambönd (sem m.a. eru nefnd í grein TF3KB). Þessi undirbúningsfundur er kynntur hér sem dæmi um þessa vinnu, sérstaklega, þar sem að á fundinum var tillaga franskra stjórnvalda um að kannað verði með úthlutun á auknu tíðnisviði til flugþjónustunnar á 144-146 MHz [fyrir WRC-23] felld og vísað frá.



Fulltrúar IARU sækja einnig undirbúningsfundi WRC ráðstefnanna sem varða tíðnisvið og hagsmuni radíóamatöra. Ljósmynd: IARU Svæði 1.

§ ECP samþykkt þess efnis, að tíðnir sem hugsaðar eru fyrir farstöðvaþjónustu (*e. International Mobile Telecommunications*) muni ekki ná yfir tíðnisvið radíóamatöra á 47-47.2 GHz.

§ ECP samþykkt þess efnis, að ekki verði hreyft við núverandi heimild radíóamatöra (sem heimilar m.a. fjarskipti um gervitungl) í tíðnisviðinu 5725-5850 MHz á víkjandi grundvelli.

§ Tillaga franskra stjórnvalda um að kannað verði með úthlutun á auknu tíðnisviði til flugþjónustunnar á 144-146 MHz [fyrir WRC-23] var felld og vísað frá.



Frá fundi framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 sem haldinn var samhliða Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen 21. júní. Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA og Kristján Benediktsson TF3KB IARU/NRAU tengiliður ÍRA sóttu fundinn. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

§ Samkvæmt tillögu Framkvæmdastjórnar ESB, var samþykkt að nauðsynlegt sé að tryggja vernd staðbundins staðarákvörðunar-búnaðar sem notar gervitunglamerki (*e. Regional Navigational Satellite Systems*) í tíðnisviðinu 1240-1300 MHz. Uppkast að tilmælum í þessa veru var samþykkt (*e. draft WRC Resolution*) þar sem sérstaklega er vakin athygli á mikilvægi tíðnisviðsins fyrir radíóamatöra. Sérstaða radíóamatöra er viðurkennd í samþykktinni, enda er tekið fram, að ekki sé gerð tillaga um endurúthlutun tíðnisviðsins.

§ Engin breyting var gerð á fyrri afstöðu CEPT hvað varðar þráðlausan flutning rafstraums (*e. Wireless Power Transmission*). WPT-EV; Wireless Power Transfer for Electric Powered Vehicles).



Mynd úr fundarsal á fundi framkvæmdastjórnar IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen 21. júní. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.

Samráð og skýringar

ÍRA hefur átt samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun vegna WRC-19 og WRC-23, bæði á þessu ári og því síðasta (2018); og síðast þann 2. september þegar komið var á framfæri þökkum íslenskra radíóamatöra í ljósi jákvæðs árangurs á undirbúningsfundinum í Ankara í ágúst. Tillaga franskra stjórnvalda um hugsanlega endurúthlutun 2 metra bandsins, vakti ugg í brjósti íslenskra leyfishafa sem erlendra, sem nú hefur verið bægt frá.

Til skýringar skal þess getið, að heimild íslenskra leyfishafa til að nota tíðnisviðið 50-52 MHz, hefur frá upphafi byggt á heimild til bráðabirgða,[3]

3 Margir hafa ályktað sem svo að 6 metra bandinu sé almennt úthlutað til radíóamatöra hér á landi, enda er tíðni-sviðið í viðauka íslensku reglugerðarinnar (frá árinu 2002). Það kom í ljós þegar ÍRA sótti um auknar heimildir á bandinu í 2018, að svo var ekki. PFS fór þess þá á leit að félagið hinkraði með erindið fram yfir WRC-19. þar sem tíðnisviðið á sér ekki stað í alþjóðareglugerð. Væntanlega kemst það í lag með samþykkt þess efnis á WRC-19 ráðstefnunni.



YOTA verkefnið á IARU Svæði 1

Jónas Bjarnason, TF3JB

YOTA verkefni IARU svæðis 1 stendur fyrir „*Youngsters On The Air*“ og brátt er áratugur frá því stofnað var til þess. Stuðningsaðilar eru aðildarfélögin, þ.e. landsfélög radíóamatöra í Evrópu, Afríku, Mið-Austurlöndum og norðurhluta Asíu. Efnt var til fyrstu YOTA sumarbúðanna í Belgíu 2012 og í ár (2019) var 9. mótið haldið í Búlgaríu.

Á þessum tæpa áratug hefur verkefnið þróast, samanber:

- YOTA sumarbúðir landsfélaganna; haldnar í fyrsta sinn í Belgíu 2012.
- Svæðisskipt mót (*e. sub-regional*) eins og t.d. NOTA (*e. Nordics On The Air*) og var fyrsti viðburðurinn haldinn í Svíþjóð 2018.
- Sérstök YOTA kallmerki landsfélaganna sem eru QRV í desember (*e. YOTA December Month*) ár hvert; hófst 2018.
- Þátttaka í keppnum; svokallað YCP verkefni (*e. Youth Contest Program*) sem hófst í ár, 2019.
- Þátttaka í alþjóðasýningum radíóamatöra; Ham Radio í Friedrichshafen í Þýskalandi, Dayton Hamvention í Ohio í Bandaríkjunum og Tokyo Ham Fair í Japan. Hófst í ár, 2019.

Innan IARU Svæðis 1 er stöðugt unnið að útfærslu hugmynda í þróun ungmennastarfsins með aðkomu ungmennafulltrúa landsfélaganna. Flest aðildarfélög Svæðis 1 hafa nú skipað sérstaka ungmennafulltrúa og er almennt ríkjandi mikil ánægja með YOTA.



Elín Sigurðardóttir TF2EQ og Árni Freyr Rúnarsson TF8RN verkefnisstjórar YOTA. Þau settu kallmerkið TF3YOTA í loftið frá fjarskiptaherbergi ÍRA bæði 1. og 30. desember 2018 og Árni Freyr í Borgarfirði þann 15. desember. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Elín Sigurðardóttir TF2EQ hannaði sérstakt QSL kort fyrir TF3YOTA. Myndin á kortinu er af Kirkjufellinu sem er skammt frá heimabæ hennar í Grundarfirði.

Nefna má, að vel heppnaður hluti af dagskrá sumarbúða YOTA (undanfarin ár) hefur til dæmis verið að bjóða upp á sérnámskeiðið „Train The Trainer“ (TTT). Markmiðið er að þjálfa unga radíóamatöra sem eru þátttakendur í sumarbúðunum með það í huga að auðvelda þeim að taka þátt í og starfa að ungmennaverkefnum í landsfélögunum, þ.m.t. YOTA verkefninu.

Greinargóðar upplýsingar um YOTA verkefnið eru birtar á heimasíðu þess. Þar er m.a. kynnt „TTT verkefnið“ og margt fleira. Vefslóðin er: https://www.ham-yota.com

Íslensk þátttaka

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, var skipuð ungmennafulltrúi ÍRA í nóvember 2018 og tók hún strax til hendinni ásamt Árna Frey Rúnarssyni, TF8RN, sem var skipaður aðstoðarverkefnisstjóri YOTA og starfræktu þau sérstakt kallmerki félagsins í desember 2018, TF3YOTA. Það gekk mjög vel. Kallmerkið verður eingöngu QRV í desembermánuði ár hvert. Mikil ánægja kom fram með störf þeirra Elínar og Árna Freys á aðalfundi ÍRA 2019.

Elín, sem fluttist búferlum til Hollands í upphafi þessa árs (2019), hefur haldið áfram í embætti fyrir félagið þrátt fyrir flutningana og staðið sig vel. Að sumu leyti, hefur ný búseta auðveldað henni þátttöku í viðburðum tengdum YOTA, þar sem þeir fara flestir fram á meginlandinu. Frá því Elín var skipuð í



Þátttakendur á YOTA fundi ungmennafulltrúa landsfélaga radíóamatöra í IARU Svæði 1 á Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen í Þýskalandi í júní 2019. Elín Sigurðardóttir TF2EQ er í næstneðstu röð (standandi). Ljósmynd: IARU.

embætti ungmennafulltrúa ÍRA, hefur hún m.a. sótt eftirtalda viðburði:

- 19.–22. apríl; NOTA mót (*e. Nordics On The Air*) á vegum SRAL í Salo í Finnlandi.
- 20.–23. júní; Ham Camp mót á vegum DARC í Friedrichshafen í Þýskalandi.
- 11.–17. ágúst; 9. sumarbúðamót YOTA á vegum BFRA í Bankya í Búlgaríu.

Ungmennastarfið í IARU Svæði 1 hefur vakið athygli í öðrum heimshlutum og segir Elín að ARRL (í IARU Svæði 2) vinni um þessar mundir að uppsetningu YOTA búða í Bandaríkjunum, sem hún hafi jafnvel hug á að sækja. Ennfremur sé mikill áhugi á YOTA verkefninu í Svæði 3 í Asíu og á Nýja Sjálandi (NZART). Hún nefnir sem dæmi, að Xenia, ZL4YL, ungmennafulltrúi NZART, sé dugleg að undirbúa YOTA verkefnið þar í landi, en hún komi úr „ekta“ radíóamatörfjölskyldu sem veiti henni stuðning, því systir hennar er ZL2GQ, mamma hennar er ZL2YL og pabbi hennar er ZL3IO.

Stefnumótun

Stjórn ÍRA vinnur að stefnumótun ungmennastarfs í félaginu. Þau Elín og Árni Freyr koma að þeirri vinnu með dýrmæta sérþekkingu. Elín hefur t.d. viðrað áhugaverða hugmynd í þessu sambandi, sem er að fastsett verið ákveðin prósenta af árlegum tekjum félagssjóðs til málaflokksins. Slíkt fyrirkomulag hefur gefist vel hjá öðrum landsfélögum.

Í öðru lagi, hefur hún komið fram með hugmynd þess efnis, að ÍRA athugi hvort grundvöllur sé fyrir því að félagið standi fyrir NOTA sumarbúðum hér á landi árið 2021. Það sé mikilvægt að undirbúa slíka viðburði með góðum fyrirvara. Stjórn félagsins er fullkomlega sammála því að vinna að verkefninu í tíma, en ekki hefur verið tekin afstaða til hugmyndarinnar þegar þetta er skrifað. Hún verður hinsvegar skoðuð frá öllum hliðum.

Elín hefur bent á aðferðir til að nálgast ungt fólk til kynningar á amatör radíói. Hún nefnir, að óþarfi sé að reyna að finna upp hjólið í þeim efnum, heldur megi líta til reynslu landsfélaganna í nágrannalöndunum. Sem hluti af slíkum „pakka“ megi nefna refaveiðar, sem radíóskátar hafi t.d. góða reynslu af hér heima. Margar fleiri áhugaverðar hugmyndir hafa verið í umræðunni í þessum efnum sem of snemmt er að kynna hér, þar sem þær eru enn á umræðustigi.




Mynd af YL radíóamatörunum sem voru þátttakendur á YOTA sumarbúðamótinu í Búlgaríu 2019. Elín er fyrir miðju myndarinnar, fremst. YL's voru um þriðjungur þátttakenda í mótinu að þessu sinni. Ljósmynd: Markus Großer DL8GM.

Á tímum þjóðfélagsbreytinga

Það er skoðun stjórnar ÍRA að við þurfum, eins og önnur landsfélög að hugsa til framtíðar. Fjölgun félaga er eðlilega kjarninn í slíkri stefnumótun. Í þeim efnum getum við tileinkað okkur reynslu annarra landsfélaga. Við búum svo vel, að áhugamálið hefur [stundum] verið kallað vísindalegt áhugamál. Í því felst styrkur. Í þeim efnum má t.d. líta til þess hversu vel radíóamatörum hefur tekist að aðlagast tilkomu og þróun netsins. Fjarskipti og netið fara vel saman og netið er einmitt það sem yngra fólk þekkir vel og hefur alist upp með.

Aðgerða er því þörf á tímum þjóðfélagsbreytinga. Í dag eru samfélagsmiðlar snar þáttur í lífi okkar, sem var næsta óþekkt fyrir tiltölulega fáum árum. Breytingar gerast hratt og ÍRA þarf að móta ungmennastarfið í ljósi þessa. Styrkur okkar felst m.a. í því að amatör radíó hefur upp á svo margt að bjóða sem fellur vel að spennandi tækninýjungum morgundagsins.



Spennandi: QRV um nýja gervitunglið


Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A

Margir hafa haft samband eftir grein sem birtist um OSCAR-100 í síðasta blaði. Menn spyrja, hvernig er hægt að hlusta á tunglið og senda á það. Í raun er það ótrúlega einfalt.

Nokkrar leiðir eru í boði. Hér verður fjallað um leyfishafa sem á SSB stöð fyrir 430 MHz bandið og hefur a.m.k. 100mW sendiafl. Í næsta tölublaði mun ég fjalla um aðrar lausnir. En þeim sem eiga stöð á 70cm bandinu er bent á að lesa áfram.

Málið er, að til eru margar mismunandi lausnir. Hér verður kynnt einföld og ódýr lausn sem hentar flestum. Í fyrsta lagi, þarf tíðnibreyti (*e. uplink converter*). Í okkar dæmi notum við breyti frá DX Patrol, Uplink Converter MK2. Hann þarf að lágmarki 100mW og að hámarki 4W afl og gefur út 100mW á 2400 MHz. Það er nægjanlegt afl til að knýja formagnara. Formagnarinn (sjá neðar) færir aflið upp í 0,6W og hann er síðan tengdur við útgangsmagnara sem gefur

Tækjabúnaðurinn sem lýst er í greininni. Sjá skýringar í meðfylgjandi töflu að neðan. Ljósm. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A.




0	UHF SSB stöð			
1	Uplink converter	Input 432/2400 MHz	Minnst 100 mW; mest 4 W	12 VDC
2	Formagnari	2400 MHz	100mW inn / 600 mW út	5 VDC
3	Útgangsmagnari	2400 MHz	600 mW inn / 3.5 W út	12 VDC
4	Tveggja banda loftnet	2400 MHz / 10.5 GHz		
5	Uplink converter	Fæðing á vinnuspennu		12 VDC
10	SDR viðtæki	Fæðing á vinnuspennu USB		
11	DC „Inserter“	Fyrir LNB		12 VDC
12	LNB	10.5 GHz inn / 748 MHz út		12 VDC
13	230VAC spennugjafi	-		12 VDC / 5 VDC
14	USB kapall fyrir tölvu	Hugbúnaður: SDR Console		

út 3,5W. Það afl nægir vel. RF magnarar á 2400 MHz hafa litla nýtni, sérstaklega þegar notaður er ódýr búnaður. Til skýringar: Ódýr búnaður ýkir rauntölur stundum. 0,6W magnarinn er merktur 2W og 3,5W magnarinn er merktur 8W. Sumir söluaðilar upplýsa þetta, en ekki aðrir.

Næsta skref er að huga að loftneti. Hér notum við tveggja banda loftnet (2,4 GHz/10,5 GHz). Til að ná upp ávinningi er notaður loftnetsdiskur, að lágmarki 85cm í þvermál.

Þar sem töp eru mikil á 2,4 GHz er best að hafa tíðnibreytinn ásamt mögnurunum við diskinn sjálfan (helst ekki meir en í 2 metra fjarlægð), en í góðu lagi er hafa stöðina í allt að 30m fjarlægð og nota 75 sjónvarpskapal. Til dæmis má fá tvo slíka kapla fyrir sjónvarpsbandið hér á landi sem eru samsíða (RX–TX) sem kemur vel út.



Skjámynd af SDR Consol. Viðtakan sýnir fjögur SSB merki ásamt radíóvita OSCAR-100. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

Loftnetsdiskurinn þarf að vera í sjónlínu við gervitunglið. Stefna frá höfuðborgarsvæðinu er rétt miðað við staðsetningu sólar kl. 11 árdegis. Ekki mega vera tré, ljósastaurar, girðingar eða annað þess háttar þar á milli. Í lagi er að staðsetja disk á jörðunni vegna þess að ekkert suð kemur frá slíkri staðsetningu. Hér verður ekki fjallað um hvernig diskurinn er stilltur, en mesta frávik er 0,5°.

Móttaka merkja frá OSCAR 100 er á tíðninni 10.500 MHz. Ástæðulaust er samt að hafa áhyggjur af svo hárri tíðni, vegna þess að málið er sáraeinfalt. Það góða við þetta tíðnisvið er, að við getum notað algenga LNB tíðnibreyta (*e. Low Noise Block Down-converter)* fyrir gervihnattasjónvarp. Útsendingar þar byrja á 10,7 GHz, en tunglið okkar er á 10,5 GHz. Reynslan sýnir að þannig LNB eru samt nothæf.

Í okkar dæmi, notum við tveggja banda loftnet + LNB. Inn kemur 10,5 GHz merki; út kemur 750 MHz merki. Merkið er mjög sterkt og þolir allt að 30 metra langan 75 sjónvarpskapal.

LNB-ið notar 12VDC og er spennan send í gegnum koaxkapalinn frá þar til gerðum DC „inserter“ (samanber myndina að ofan). Þaðan fer merkið í breiðbandsviðtæki (SDR viðtæki) sem tengist tölvu í gegnum USB tengi. Viðtækið fær vinnsluspennu í gengnum USB snúruna.

Mikið úrval er í boði af hugbúnaði á netinu, en undirritaður er þeirrar skoðunar að nota skuli SDR Consol, sem er forritað af Simon Brown, G4ELI. Vefslóð: https://www.sdr-radio.com/Software/Downloads
Notkun á SDR Consol þýðir, að ódýrt LNB og ódýrt SDR viðtæki breytist í hágæða búnað með nákvæmni upp á +/- 1Hz (á 10 GHz).


Og að lokum, hvar fæst búnaðurinn?

Nr. 11 og 12 fæst í Öreind, Auðbrekku 3, í Kópavogi ásamt loftnetsdiski, 85cm eða 1 metra (aldrei of stór). Einnig má leita á netinu eftir notuðum diski.

Nr. 1, 2, 3, 4, 10 fæst á vefsíðunni: www.passion-radio.com

Nr. 10, 3 og 2 fæst þó einnig frá Kína á ebay og er aðeins ódýrara.

Ef menn vilja gera heildarinnkaup á einum stað, þá má gera pöntun hjá franska fyrirtækinu Passion-Radio á netinu. Þeir bjóða sanngjarnt verð og eru fljótir að afgreiða og senda pantanir.



Myndin sýnir tíðniplan fyrir OSCAR 100.



QSL kort, umsýsla og geymsla

Georg Magnússon, TF2LL

Umsýsla QSL kortanna hefur mér fundist vera hluti af amatörmennskunni. Hobbýinu ef svo má að orði komast. Margir amatörar notast við umboðsmenn og eða fyrirtæki eins og Global QSL service sem sinna allri umsýslu fyrir þá, taka á móti kortum og svara þeim. Það eina sem amatörinn gerir er að senda afrit af loggnum sínum til viðkomandi aðila sem síðan sjá um umsýsluna. Amatörinn þarf að sjálfsögðu að láta vita að hann hafi umboðsmann og hvernig hann meðhöndlar kortaviðskiptin, t.d. á QRZ. Þessi aðferð sparar tíma og umstang en greiða þarf fyrir þjónustuna. Með tilkomu LoTW hefur korta sendingum fækkað til mikilla muna. Radíóamatörar eru þó enn að safna prentuðum kortum og ég hef kosið að sjá sjálfur um mín kort.

Sumir prenta sín kort sjálfir en aðrir kjósa að láta prenta kortin fyrir sig. TF3JB hefur tekið saman upplýsingar um QSL kort hvað varðar prentun, stærð, pappír, hvað kortin þurfa að innihalda af upplýsingum o.fl. Sjá heimasíðu ÍRA; félagið, QSL buearu, QSL kort. Enn sem komið er eru ekki allir að nota LoTW og bjóða hreinlega ekki upp á það og þess vegna verður maður að óska eftir kortum frá viðkomandi sérstaklega þegar maður er að safna DXCC einingum o.fl.

Þá ber einnig að geta OQRS „On-line QSL Requests“ en það er þjónusta sem margir nýta sér. Þá getur maður óskað eftir QSL korti án þess að senda kort af fyrra bragði sem sparar pening, en á móti kemur að þjónustan getur verið svolítið dýr. Það eru margir DX leiðangrar sem bjóða upp á þessa þjónustu en þeir eru þá einnig að safna upp í kostnað við leiðangurinn.

Um tíma lét ég prenta fyrir mig kort hér heima en því miður er prentun orðin það dýr hér heima fyrir, þannig að ég læt prenta kortin erlendis. Þó nokkuð margir bjóða upp á QSL kortaprentun, t.d. LZ1YE www.qslprint.com SP5ADX www.coolqsl.com ON5UR www.on5ur.be og UX5UO www.ux5uoqsl.com Svo einhverjir séu nefndir í Evrópu, en sjá má lista yfir QSL kortaprentþjónustur á heimasíðunni www.f5uii.net Flest ef ekki öll þessara QSL korta prentfyrirtækja bjóða upp á margar gerðir af stöðluðum kortum, pappírsgerðir o.fl. Samskiptin við prentfyrirtækin fara fram á netinu, E-mail o.fl.

Mjög mismunandi er hversu mikið menn leggja upp úr gæðum kortanna, pappírsval, prentun á eina hlið og eða báðar. Mjög algengt er að leiðangrar láti prenta fyrir sig sérstök kort og einnig eru gefin út allskonar viðburðakort, afmæli félaga, ríkja, stríðslok, o.fl., o.fl. Ég hef látið prenta á framhlið kortsins, mynd, kallmerki o.fl. og prenta síðan þær upplýsingar sem til þarf um sambandið á beint á bakhliðina.



Mynd 1. Framhlið og tvær mismunandi bakhliðar. Önnur með einu sambandi og hin með mörgum samböndum við sama kallmerkið.

Sumir prenta út límmiða og líma á kortin en límmiðum fylgir talsverður kostnaður sem sparast þegar prentað er beint á kortið. Mjög margir kjósa að handskrifa á kortin en þá eru þau oftast forprentuð með reitum sem aðeins þarf að fylla í. Þegar maður prentar beint á kortin þarf að huga að því hversu þykkan pappír prentarinn ræður við að prenta á. Þykk og stíf kort henta illa í venjulega heimilisprentara. Ég hef valið að nota pappír sem er 185 gr/m^2 sem er sú þykkt sem vel flestir prentarar ráða vel við.

Mörg loggforrit bjóða upp á þann möguleika að prenta út límmiða og eða beint á kortin en ég hef ekki nýtt mér þann möguleika en hef þess í stað notað forrit sem heitir BV7 og er smíðað af þýska amatörnum


Bernd Koch DF3CB en forritið er ókeypis og hægt að hlaða því niður beint af netinu, www.df3cb.com

Mjög margir amatörar bæði hér heima og erlendis nota þetta prentforrit. Loggnum er hlaðið inn í forritið í ADIF formi. Forritið býður upp á ýmsa möguleika í uppsetningu og meðhöndlun fyrir prentunina. Hægt er að setja upp mörg form t.d. fyrir venjuleg DX sambönd, keppnir, útileikana og síðast en ekki síst SWL kort sem ég hef ætíð lagt áherslu á að svara. Það er svolítil handavinna að setja upp kort og hægt er að vera með margar uppsetningar, leturgerð, stærðir liti ofl. Hægt er að setja upp kortin þannig að mörg sambönd við sama kallmerki komi á sama kortið, í stað þess að prenta út eitt kort fyrir hvert samband. (Sjá mynd 1)


BV7 býður upp á þann möguleika að hlaða inn upplýsingum um umboðsmenn, manager, en flest ef ekki öll loggforrit þannig útbúin að hægt er að tengja þau við QRZ og fá þannig fram upplýsingar um umboðsmenn sem þá færast sjálfkrafa í BV7 þegar loggnum er hlaðið þar inn. Því miður eru ansi margir sem skrifa allskonar langlokur inn í manager reitinn í QRZ og þarf maður þá að leiðrétta það áður en maður hleður loggnum inn í BV7 eða leiðrétta það í BV7 því annars prentast það líka út á kortið noti maður þann möguleikann þegar maður setur upp kortið, en það sparast óneitanlega mikill tími þegar kallmerki umboðsmanns kemur fram á kortinu.

Í loggforritinu sem ég nota, logger32 er athugasemdadálkur en þar set ég inn upplýsingar eða spurningamerki ef mér finnst þurfa og skoða síðan kallmerkið á QRZ áður en ég prenta út.

BV7 býður upp á ýmsa möguleika í umsýslu og prentun. Hægt er að láta forritið prenta út eftir stafrófsröð kallmerkja ofl. Þá eru möguleikar á því að velja hvernig kortinu er svarað, búró, beint, direct,



Mynd 2. BV7 skjáskot.



Mynd 3. Kort í prentboxi.

ofl. Þegar maður sendir kortið í prentkassann koma sjálfvirkt dagsetningar á móttöku og sendingu en einnig er hægt að skrá það handvirkt inn.

Mér þótti þetta tvíverknaður í upphafi að vera með sérstakt prentforrit og það er það, en um leið og maður nær tökum á forritinu gengur það fljótt og vel fyrir sig að vinna í því og þar á maður einnig afrit af loggnum. Hægt er að vera með marga logga í BV7 t.d. hverja keppni fyrir sig, útileikana o.fl. o.fl.

Á mynd 3 hef ég sett nokkur kallmerki í prentbox, þarna má sjá fjölda sambanda sem verða prentuð á bakhlið kortsins. DL6FCB 1 QSO, DL6GCE 3 QSO o.s.frv. Hægt er að láta kallmerkjalínurnar verða sjálfkrafa rauðar þegar búið er að skrá kortin innkomin og útsend. Afar þægilegt þegar verið er að yfirfara inn og útsend kort í forritinu.

Í nokkur ár hef ég sett kortin í ljósmyndalbúm en þau hafa þann ókostinn að bakhlið vasans er ekki gegnsæ þannig að þegar prentað er beggja megin á kortið þarf maður að taka það úr vasanum og eða snúa því öfugt.

Ég var búinn að skoða nokkra möguleika og datt þá niður á A4 plastvasa frá Múlalundi. Þessir vasar eru hugsaðir fyrir þá sem safna peningaseðlum en henta prýðilega fyrir QSL kortin. Allflest QSL kort eru í standard stærðinni 90 x 140mm en eitt og eitt er þó stærra en það eru yfirleitt spássíur sem má auðveldlega skera af án þess að skemma gildi kortsins. Þá er svolítið af tvöföldum kortum og þá set ég bakhliðina í vasann og læt framhliðina liggja utan á vasanum.



Mynd 4. Sýnishorn af kortum í plastvasa frá Múlalundi.



Mynd 5. Sýnishorn af tvöföldum kortum.

Þarna má sjá bakhliðar korta vinstramegin og framhliðar hægra megin.

Þegar um er að ræða tvöföld kort hef ég stungið bakhliðinni í vasann, þannig getur maður opnað kortið og skoðað síðan bakhliðina ef vill.

Ég hef raðað kortunum upp í möppur eftir löndum þannig að það er eitt band í hvern vasa frá hverju landi. Ekki er það nú svo að maður geti eignast kort fyrir öll sambönd frá hverju landi á hverju bandi en eitthvað týnist inn og þá er einmitt einfalt að bæta inn plastvasa í möppuna ef með þarf. Með þessari uppröðun hef ég einfalda yfirsýn yfir innkomin kort og fyrir kemur að ég skipti út korti í þeim tilfellum sem mér hefur borist eða hafa borist kort sem mér hafa fundist vera fallegri eða merkilegri en þau sem áður hafa borist! Umframkortin geymi ég síðan í plastboxum sem ég hef keypt í RL.

Til eru þeir sem senda kort fyrir öll QSO sem þeir hafa en það er full dýrt. Ég gerði það reyndar fram að árinu 2014 en hætti því og hef bara svarað innkomnum kortum.

Það er ljóst að pappírskortum fer fækkandi, svörun á LoTW er um 50% en sem fyrr segir, eru enn margir sem kjósa að senda pappírs QSL kort og óska eftir pappír og síðan einnig þeir sem nota ekki rafræna þjónustu eins og LoTW.

73 de TF2LL
Georg Magnússon

ICOM IC-SAT100 komin til Íslands


Ólafur B. Ólafsson, TF3ML, fékk afhent tvö fyrstu ICOM IC-SAT100 handtækin hér á landi þann 12. september.

SAT100 eru handstöðvar sem nota má sem slíkar, m.a. til fjarskipta á landssvæðum (við aðrar slíkar) þar sem ekki er GSM eða önnur fjarskiptaþjónusta í boði. En SAT100 getur jafnframt notað 66 Iridium gervitungl til að koma skilaboðum áleiðis, hvaðan sem er úr heiminum.

Ólafur mun kynna félagsmönnum ÍRA nýju stöðina við hentugleika í Skeljanesi.



SAT100 notar Iridium gervitunglin sem eru alls 66 talsins og tryggja samband allstaðar að í heiminum, m.a. bæði frá norður- og suður-pólnum. Ljósmynd: Icom UK.



ICOM IC-SAT100 stöðin er ryk- og vatnsþétt og er gefin upp fyrir að vinna niður í -30°C og upp í 60°C. Hún er búin rafhlöðu sem endist í 14,5 klst. Ljósmynd: Icom UK.

Íslenskir radíóamatörar; starfstímbilið 2019/20

Fundur nr. 3 í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi 11. júní 2019 kl. 20:00.

Mættir: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GS meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

1. Fundarsetning og dagskrá.

TF3JB, formaður, setti fund kl. 20:10 og lagði fram uppfærða tillögu að dagskrá með þeirri breytingu, að að TF3KB muni heimsækja fundinn og skýra stuttlega frá ferð sem hann fór sem fulltrúi ÍRA á fund í IARU svæði 1 26.-28. apríl s.l. Áður útsend tillaga að dagskrá með uppfærðri breytingu samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 2. fundar 2019/20; frá 26. mars 2019 lögð fram.
3. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.
   - 26.03.2019...Erindi frá Haraldi G. Jónssyni; varðar Kenwood TM-281 bílstöð fyrir 2 m bandið; svarað sama dag.
   - 27.03.2019...Erindi M6WXF um heimild til að fara í loftið frá TF sem ferðamaður; svarað sama dag.
   - 31.03.2019...Erindi frá Eiríki Þór Sigurjónssyni með fyrirspurn um Yaesu FT-180A stöðvar; svarað sama dag.
   - 01.04.2019...Erindi frá M. Lowell í Keflavík um amatörstöð sem hann festi kaup á; svarað sama dag.
   - 06.04.2019...Erindi frá TF3JA með ósk um aðgang að félagsstöð ÍRA; svarað 08.04.2019.
   - 08.04.2019...Erindi frá TF3JA með fyrirspurn um næsta stjórnarfund; svarað sama dag.
   - 09.04.2019...Erindi frá TF3JA með nánari fyrirspurn um aðgang að félagsstöð ÍRA; svarað sama dag.
   - 09.04.2019...Erindi frá TF3JA um viðveru TF3JB í Skeljanesi.
   - 30.04.2019...Erindi frá TF3JA með fyrirspurn um dagsetningu stjórnarfundar; svarað sama dag og 3. maí.
   - 08.05.2019...Erindi sent til TF3JA með upplýsingum um fundardag stjórnarfundar; hann sendir svarpóst 16.05.2019.
   - 10.05.2019...Erindi frá IARU; IARU Calendar Number 200; dags. 9. maí 2019.
   - 10.05.2019...Erindi frá IARU; Kjörgögn vegna tillögu nr. 259 um umsókn SARS í Sádi-Arabíu um aðild að IARU.
   - 10.05.2019...Erindi frá IARU; Kjörgögn vegna tillögu nr. 260 um umsókn SARA í Seychelles-eyjum um aðild að IARU.
   - 19.05.2019...Erindi sent til TF3JA þess efnis að stjórnarfundi 21.05. hafi verið frestað.
   - 20.05.2019...Erindi frá Burak Ö., með ábendingu um villu á heimasíðu félagsins; svarað sama dag.
   - 23.05.2019...Erindi frá PA3A sem heimsækir Ísland í sumar og bendir á villur á heimasíðu; svarað sama dag.
   - 03.06.2019...Erindi sent til TF3JA þess efnis að stjórnarfundur hafi verið boðaður 11.06. n.k.
   - 03.06.2019...Erindi frá TF3JA með upplýsingum um fyrirhugaðar prófanir hans frá félagsstöðinni.
   - 06.06.2019...Erindi frá TF3JA með nánari upplýsingum um fyrirhugaðar prófanir.
   - 07.06.2019...Erindi frá TF3JA með nánari upplýsingum um fyrirhugaðar prófanir.
4. Skipun embættismanna skv. 9. gr. félagslaga, seinni hluti.
5. Innheimta félagsgjalda og staða félagssjóðs, kynning gjaldkera.
6. Frumvarp að starfsáætlun 2019/20, kynning varaformanns.
7. Kaup á loftnetum og búnaði skv. samþykkt stjórnarfundar nr. 2/2019, kynning varaformanns.
8. Útkoma 3. tbl. CQ TF 2019 29. júní; kynning formanns.
9. Afgreiðsla útistandandi mála frá fyrri stjórn/stjórnum félagsins.
   i. Frá 26. febrúar 2019 (8. stjórnarfundur 2018/19); Erindi TF3EK um prófmál.
   ii. Frá stjórnarárinu 2017/18; ráðstöfun TF3JA á 15 metra loftnetsturni félagsins
10. Erindi TF3JA til félagsins dags. 6. apríl s.l. (með síðari skýringum).
11. „Nordics On The Air“ YOTA viðburðurinn í Finnlandi 19.-22. apríl; TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA.
12. „Interim fundur“ í IARU Svæði 1 í Austurríki 26.-28. apríl; TF3KB, IARU/NRAU tengiliður ÍRA.
13. Önnur mál.
    i. Afgreiðsla á erindi IARU dags. 10. maí s.l.
    ii. Ákvörðun um sölu á tækjum og búnaði í eigu félagsins; kynning formanns.

iii. VHF leikarnir 13. og 14. júlí.

iv. 40. TF útileikarnir 3.-5. ágúst.

v. Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 17. ágúst.

vi. Myndataka af nýrri stjórn ÍRA 2019/20.

14. Næsti fundur stjórnar.
15. Fundarslit.

2. Fundargerð 2. fundar 2019/20 frá 26. mars lögð fram.

Fundargerð 2. stjórnarfundar frá 26. mars 2019 lögð fram og samþykkt.

3. Innkomin / útsend erindi.

Formaður TF3JB fór yfir innkomin og útsend erindi á milli stjórnarfunda. Hann nefndi, að hann reyni að svara innkomnum erindum samdægurs.

4. Skipun embættismanna skv. 9. gr. félagslaga, seinni hluti.

Formaður, TF3JB, fór yfir framlagðan heildarlista embættismanna þar sem fram koma embætti sem skipað var í á síðasta fundi (26.3.2019) og þar sem færðar hafa verið inn tilnefningar í þau embætti sem ekki náist að afgreiða á þeim fundi en koma nú til afgreiðslu.

Nýjung starfsárið 2019/20 er stofnun ritnefndar CQ TF. Í hana eru tilefndir fjórir menn, TF3SB ritstjóri ásamt TF3JB formanni, TF3DC varaformanni og TF3VS umbrotsmanni blaðsins. TF3JB, formaður, útskýrði að þessir menn hafi átt nokkra óformlega fundi á starfsárinu og hugmyndin með ritnefnd sé að styrkja embætti ritstjóra.

Gerð er tillaga um að endurvekja embætti keppnisstjóra – í ljósi þess að loftnetabúskapur félagsstöðvarinnar fer batnandi – og í ljósi þeirrar stefnu stjórnar að leitast verði við að taka þátt í sem flestum alþjóðlegum keppnum frá TF3IRA. TF3DC varaformaður tekur embættið að sér til að byrja með.

Þá er gerð tillaga um nýtt embætti tengiliðar neyðarfjarskipta. Formaður, TF3JB, skýrði fundinum frá því að í ljósi fenginnar reynslu af skipan í embætti neyðarfjarskiptastjóra – sem í raun hafi aldrei náð flugi – teldi hann æskilegt að ráðstafa þessum málaflokki undir embætti sérstaks tengiliðar, fremur en að endurvekja embætti neyðarfjarskiptastjóra sem slíkt – að sinni. Tillagan fékk umræður og leist stjórnarmönnum vel á þetta fyrirkomulag. TF3JB formaður var tilnefndur til embættisins.

Framlagður heildarlisti embættismanna 2019/20 var í framhaldi samþykktur samhljóða.

5. Innheimta félagsgjalda og staða félagssjóðs, kynning gjaldkera.

Alls hafa 76 félagsmenn þegar greitt félagsgjald, en rúmlega 100 eiga eftir að borga. Fram kom m.a. í máli TF3PW, gjaldkera, að líklega muni flestir greiða á eindaga (sem er 1. ágúst n.k.).

TF2LL, ritari, spurði um misræmi milli greiðslna á bankayfirliti og skráningar félagsmanna, þ.e. að í einhverjum tilvikum hafi menn gengið í félagið en ekki verið færðir inn á félagatal. Gjaldkeri svara því til, að hann sé að vinna í því máli með nýjum Access gagnagrunni og verði því verki lokið innan skamms.

Gjaldkeri skýrði jafnframt frá því, að félagar skiptast í nokkra gjaldflokka, þ.e. heiðursfélaga, eldri félaga, yngri félaga (sem eru undanþegnir félagsgjaldi), auk flokks maka félaga.

6. Frumvarp að starfsáætlun, kynning varaformanns.

TF3DC, varaformaður, fór yfir framlagt lokafrumvarp að starfsáætlun 2019/20 og var það samþykkt samhljóða. Fram kom í máli Óskars, að starfsáætlunin verði til kynningar í nýju hefti CQ TF sem kemur út 30. júní n.k.

7. Kaup á loftnetum og búnaði skv. samþykkt stjórnarfundar nr. 2/2019, kynning varaformanns.

TF3DC, varaformaður, skýrði frá því að keypt hafi verið endafædd hálfbylgjuloftnet fyrir 30, 40, 80 og 160 metrana, auk tveggja nýrra höfuðtóla með ábyggðum hljóðnema. Höfuðtólin munu hvorutveggja nýtast fyrir ICOM og KENWOOD stöðvar félagsins.

8. Útkoma 3. tbl. CQ TF 2019; kynning formanns.

TF3JB, formaður, kynnti helstu efnistök í nýju hefti CQ TF fyrir fundarmönnum, en það kemur út í lok mánaðarins, sunnudaginn 30. júní. Jónas skýrði ennfremur frá áframhaldandi ánægjulegum og jákvæðum undirtektum félagsmanna hvað varðar útgáfu félagsritsins eftir að útgáfan var endurvakin í apríl 2018. Hann sagðist ánægður með að útgáfuáætlun blaðsins hafi staðist fullkomlega frá upphafi. Þá væri hvetjandi að æ fleiri félagar senda efni í blaðið.

9. Afgreiðsla útistandandi mála frá fyrri stjórn/stjórnum félagsins.

i. Frá 26. febrúar 2019 (8. stjórnarfundur 2018/19); Erindi TF3EK um prófmál.

Erindi TF3EK um prófamál, frá 26. febrúar 2019 (8. stjórnarfundur 2018/19 - stjórnarskiptafundur). TF3JB, formaður, lagði til að stjórn félagsins sendi

formlegt erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar um próf og prófkröfur með tilliti til krafna stofnunarinnar og HAREC (*e. Harmonised Amateur Radio Examination Certificate*). TF3UA lagði til, að uppkast að slíku erindi verði borið undir prófnefnd. Tillaga formanns með áorðinni breytingu TF3UA samþykkt samhljóða.

Hlé var nú gert á hefðbundinni dagskrá þar sem TF3KB, IARU/NRAU tengiliður félagsins var mættur á fundinn.

Kristján skýrði frá för sinni á Interim fund í IARU svæði 1, sem haldinn var í Vín í Austurríki 26.-28. apríl s.l. Til kynningar skýrði hann m.a. frá svæðaskiptingu IARU, hvernig stjórnskipulagið er, hvað er að vera IARU tengiliður, hvernig fundarhöldum er háttað o.fl.

Þá fór TF3KB yfir bandplön og hvernig þau meðmæli vilja „brotna“ (einkum) í alþjóðlegum keppnum. Hann skýrði að bandplönin hefðu í raun hvorki lagané reglugerðarvægi, heldur væri „recommendation“ eða notkun sem mælt er með í tilteknum tíðnibilum á

EMBÆTTI / NEFND	NAFN	KALLMERKI	LEYFISBRÉF
Prófnefnd, formaður	Vilhjálmur Þór Kjartansson	TF3DX	44
- prófnefnd	Kristinn Andersen	TF3KX	91
- prófnefnd	Þór Þórisson	TF1GW	126
- prófnefnd	Einar Kjartansson	TF3EK	308
- prófnefnd	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson	TF3VS	235
EMC nefnd, formaður	Sæmundur Einar Þorsteinsson	TF3UA	90
- EMC nefnd	Gísli Gissur Ófeigsson	TF3G	105
- EMC nefnd	Yngvi Harðarson	TF3Y	89
Ritstjóri CQ TF	Sigurbjörn Þór Bjarnason	TF3SB	69
- ritnefnd	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
- ritnefnd	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
- ritnefnd	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson	TF3VS	235
Vefstjóri	Ölvir Styrr Sveinsson	TF3WZ	438
Viðurkenningastjóri	Brynjólfur Jónsson	TF5B	125
VHF stjóri	Ari Þórólfur Jóhannesson	TF1A	174
Stöðvarstjóri félagsstöðvar	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Keppnisstjóri félagsstöðvar	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
QSL stjóri TF-ÍRA QSL Bureau	Mathías Hagvaag	TF3MH	411
Páskaleikar, umsjónarmaður	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
VHF leikar, umsjónarmaður	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
TF útileikar, umsjónarmaður	Einar Kjartansson	TF3EK	308
Umsjónarmaður námskeiða	Jón Björnsson	TF3PW	451
Umsjónarmaður félagsaðstöðu	Mathías Hagvaag	TF3MH	411
Umsjónarmaður endurvarpa	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS	251
- umsjónarmaður endurvarpa	Sigurður Harðarson	TF3WS	218
- umsjónarmaður endurvarpa	Ari Þórólfur Jóhannesson	TF1A	174
PFS tengiliður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Neyðarfjarskipti, tengiliður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
IARU/NRAU tengiliður	Kristján Benediktsson	TF3KB	41
Ungmennafulltrúi	Elín Sigurðardóttir	TF2EQ	434
YOTA verkefnisstjóri	Elín Sigurðardóttir	TF3EQ	434
- YOTA aðstoðarverkefnisstjóri	Árni Freyr Rúnarsson	TF8RN	447

Embættismenn ÍRA starfsárið 2019/20 –- skipaðir af stjórn 26.3. og 11.6. 2019

böndunum. Kristján fjallaði um önnur umfjöllunarefni fundarins í Vín, þ.á.m. áhyggjur manna af þráðlausum hleðslutækjum rafmagnsbíla.

Jónas spurði Kristján hvort hann muni geta tekið saman greinagerð til birtingar í CQ TF og hugsanlega haft erindi um efnið á komandi vetraráætlun. TF3KB tók mjög jákvætt í það. Fram kom, að Kristján sótti fundinn án aðkomu félagssjóðs, þ.e. á eigin kostað. Þetta var jafnframt í fyrsta skipti sem ÍRA átti fulltrúa á Interim fundi IARU Svæðis 1.

TF3KB var þakkað gott erindi og svör. Fundi var á ný framhaldið eftir að hann hafði yfirgefið fundarstað.

9. Afgreiðsla útistandandi mála frá fyrri stjórn/stjórnum félagsins.

ii. Frá stjórnarárinu 2017/18; ráðstöfun TF3JA á 15 metra loftnetsturni félagsins.

TF2LL, ritari, skýrði frá því að fyrir nokkrum árum hafi félagið fengið 15 metra háan loftnetsturn að gjöf. Georg sagði, að þegar hann kom inn í stjórn félagsins eftir aðalfundinn í mars 2018, hafi hann farið að svipast um eftir turninum í þeim tilgangi að setja hann upp við suðurenda neðri skemmunnar, en vilyrði hafði fengist fyrir því á sínum tíma.

Turninn var hins vegar hvergi sjáanlegur og eftir nokkra eftirgrennslan virðist enginn félagsmaður vita neitt um afdrif hans. Georg sagðist fara fram á það við stjórn félagsins, að auglýst verði eftir turninum á heimasíðu ÍRA og FB síðum. Tillaga TF2LL var samþykkt samhljóða og áveðið að fela TF2LL og TF3UA að semja texta fyrir auglýsinguna. Til er mynd af turneiningunum sem hægt er að birta með auglýsingunni.

10. Erindi TF3JA til félagsins dags. 6. apríl s.l. (með síðari skýringum).

TF3JA hefur óskað eftir afnotum af stöð félagsins til tilraunasendinga. Nokkrar bréfaskriftir hafa farið fram á milli félagsins og hans um þessa beiðni. Samþykkt samhljóða að stjórn félagsins óski eftir nánari útskýringu TF3JA hvað hann hefur í hyggju. Undir dagskrárliðnum kom m.a. fram, að skoðun stjórnar ÍRA er óbreytt (líkt og fram kom í janúarhefti CQ TF 2019), að styðja notkun fjarskiptaaðstöðunnar utan opnunarkvölda vegna óska félagsmanna að gera tilteknar tilraunir og/eða athuganir.

Þegar hér var komið fundi, gerði TF3JB, formaður, að tillögu sinni (í ljósi óafgreiddra dagskrárliða) að fundi yrði frestað til 2. eða 9. júlí n.k.

Fundi slitið kl 22:10.

Georg Magnússon, TF2LL, fundarritari.

Fundur nr. 4 í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi mánudag 8. júlí 2019 kl. 18:30.

Mættir: TF3JB formaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GS meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. TF3DC varaformaður, boðaði forföll.

1. Fundarsetning og dagskrá.

TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 18:35. Hann lagði fram eftirfarandi dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 3. fundar 2019/20; frá 11. júní 2019 lögð fram.
3. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.
   - 03.06.2019...Erindi *sent til* TF3JA um að samantekt hans um fyrirhugaðar tilraunir frá 16.5. verði lögð fyrir stjórnarfund 11.6.
   - 06.06.2019 og 07.06.2019...Mótteknir 2 tölvupóstar frá TF3JA; eða „einskonar svar/svör“ við ofangreindum tölvupósti.
   - 12.06.2019...Erindi frá TF3GB þar sem þess er farið á leit að stjórn félagsins geri sig ekki að millilið við PFS v/truflanamála.
   - 12.06.2019...Erindi *sent til* TF3GB þar sem formaður lýsir yfir að hvorki stjórn né félagsmenn muni eiga afskipti af málinu.
   - 13.06.2019...Erindi frá þjónustufulltrúa LÍ þar sem óskað er eftir skönnuðum skilríkjum allra stjórnarmanna.
   - 14.06.2019...Erindi *sent til* þjónustufulltrúa LÍ þar sem óskað er upplýsinga um í hvaða lög bankinn vísar vegna málsins.
   - 14.06.2019...Erindi frá þjónustufulltrúa LÍ (svar) með tilvísan í umrædd lög.
   - 16.06.2019...Erindi frá TF3G um gjöf eldingavara til félagsins; FlexLine Surge Arrester.
   - 16.06.2019...Erindi *sent til* TF3G með þökkum fyrir hönd félagsins.
   - 18.06.2019...Erindi *sent til* TF3JA með beiðni um frekari upplýsingar um fyrirhugaðar tilraunir frá félagsstöðinni.
   - 05.07.2019...Erindi *sent til* TF3JA þar sem erindi frá 18.6. er ítrekað.
   - 05.07.2019...Erindi frá TF3JA; staðfesting á móttöku erindi TF3JB.
   - 08.07.2019...Erindi frá TF3JA; svar TF3JA við erindum 18.6. og 5.7.
   - 08.07.2019...Erindi frá TF3GS f.h. APRS hóps um stuðning til kaupa á búnaði.
4. Innheimta félagsgjalda og staða félagssjóðs, kynning gjaldkera.
5. Tillaga um kaup á búnaði vegna fjarskipta um Es'hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið.

6. Tillaga um kaup á APRS búnaði; stuðningur til að auka gæði og notkunarmöguleika.
7. Tillaga um veitingu sérstaks verðlaunagrips í tilefni 40. TF útileikanna 2019.
8. Tillaga um veitingu verðlaunagripa í 7. VHF leikum ÍRA 2019.
9. Fundir í tengslum við sýninguna í Friedrichshafen 21.-22.6. sem voru sóttir af fulltrúum félagsins.
10. Félagsritið CQ TF, 3. tbl. 2019 kom út 30. júní.
11. Horfinn turn, tilkynning sett a heimasíðu félagsins og FB síður 25.6.2019.
12. Erindi TF3JA til félagsins dags. 6. apríl s.l. (með síðari skýringum).
13. Önnur mál.
    i. *Tillaga um sölu á tækjum og búnaði í eigu félagsins; framhaldsumræða.*
    ii. Nefnd um s*tofnun upplýsingabanka um mögu-leg QTH f. erl. leyfishafa; TF3DC formaður.*
14. Næsti fundur stjórnar.
15. Fundarslit.

2. Fundargerð 3. fundar 2019/20 frá 11. júní lögð fram.

Fundargerðin lögð fram. Fram kom smávægileg gagnrýni á orðalag og var ritara falið að breyta því. Fundargerðin samþykkt.

3. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

Formaður TF3JB fór yfir innkomin og útsend erindi. Umræða varð um truflanir frá sendingum radíóamatöra inn á mismunandi Internetkerfi fjarskiptafélaganna.

4. Innheimta félagsgjalda og staða félagssjóðs, kynning gjaldkera.

Gjaldkeri, TF3PW, kynnti stöðu félagssjóðs, innheimtu ársins og fleira. Alls 94 félagsmenn hafa greitt félagsgjald en 84 eiga eftir að greiða. Gjaldkeri benti á, að eindagi væri að þessu sinni 1. ágúst n.k. og því líklegt að þá greiði margir. Um 1,2 milljónir króna eru í félagssjóði.

5. Tillaga um kaup á búnaði vegna fjarskipta um Es'hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið.

VHF stjóri félagsins, TF1A, leggur til kaup á búnaði til samskipta frá TF3IRA um nýja Oscar 100 gervitunglið. Um er að ræða 20W Oscar 100 transverter frá PE1CMO. Áætlað er að kostnaður nemi um 118 þúsund krónum með aukabúnaði og tengjum, kominn til landsins. Stjórn ÍRA heimilar kaup á þessum búnaði til að koma á, styðja og efla virkni í samskiptum um þetta nýja gervitungl.

6. Tillaga um kaup á APRS búnaði; stuðningur til að auka gæði og notkunarmöguleika.

Meðstjórnandi, TF3GS, leggur til kaup á búnaði til frekari uppbyggingar APRS kerfisins. Um er að ræða Microsat WX3in1 Mini APRS Advanced Digipeater/I-gate (2 stk.) og PLXDigi – APRS Digipeater (2 stk.). Áætlað er að kostnaður nemi um 45 þúsund krónum, kominn til landsins. Stjórn ÍRA heimilar kaup á þessum búnaði til að styðja og efla virkni APRS kerfisins.

7. Tillaga um veitingu sérstaks verðlaunagrips í tilefni 40. TF útileikanna 2019.

Formaður, TF3JB, leggur fram tillögu um að veglegur verðlaunabikar verði veittur fyrir bestan árangur í TF útileikunum þetta árið í tilefni 40 ára afmælis útileikanna í stað hefðbundins verðlaunaplatta. Fyrstu fimm sætin fái viðurkenningarskjöl. Stjórn ÍRA samþykkti tillöguna samljóða.

8. Tillaga um veitingu verðlaunagripa í VHF/UHF leikum ÍRA 2019.

Formaður, TF3JB, leggur fram tillögu þess efnis, að veittir verði frambærilegir verðlaunagripir fyrir fyrstu þrjú sætin í VHF/UHF leikum félagsins. Val á verðlaunum taki mið af verðlaunum sem veitt voru í Páskaleikum félagins fyrr á þessu ári. Stjórn ÍRA samþykkti tillöguna samhljóða.

9. Fundir í tengslum við sýninguna í Friedrichshafen 2019 sem voru sóttir af fulltrúum félagsins.

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að fjórir fulltrúar ÍRA, TF3JB, TF3KB, TF2EQ og TF1A hafi sótt fundi sem haldnir voru samhliða Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen í Þýskalandi 21.-23. júní s.l. Formaður skýrði frá því helsta sem fram fór á þessum fundum. Frá þessu verður nánar sagt í næsta hefti CQ TF (4. tbl. 2019). Sérstaklega var tekið fram að allir viðkomandi sóttu fundina í eigin tíma og að félagssjóður hafi ekki þurft að bera neinn kostnað.

10. Félagsritið CQ TF, 3. tbl. 2019 kom út 30. júní.

Formaður, TF3JB, fjallaði um útkomu CQ TF, sem var 45 bls. að stærð að þessu sinni. Efni er fjölbreytt og eiga tólf félagar efni í þessu tölublaði. Stjórn ÍRA þakkar sérstaklega ritstjóra, Sigurbirni Þór Bjarnasyni, TF3SB og Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS, umbrotsmanni, frábær störf. Formaður létt þess getið, að sem fyrr væri almenn ánægja með útkomu blaðsins, sem væri vel.

11. Horfinn turn, tilkynning sett á heimasíðu félagsins og FB síðu 25.6.2019.

Auglýsing var sett inn á heimasíðu félagsins og fésbókarsíðu 25. júní s.l. TF3T hafði samband og benti á að turneining lægi fyrir neðan gáma á lóð Tækniskólans fyrir utan ÍRA portið. TF2LL skýrði frá því, að hann hafi þegar farið á staðinn og að ábendingin hafi reyst rétt; grunneining turnsins lá þar enn og var hún færð í portið á milli húsa í Skeljanesi. Nokkrar umræður urðu um málið, en gera má ráð fyrir því að þessar turneiningar séu glataðar. Ákveðið að hinkra með þetta mál að sinni.

Þegar hér var komið, þurfti TF3UA að víkja af fundi.

12. Erindi TF3JA til félagsins dags. 6. apríl s.l. (með síðari skýringum).

TF3JA hefur óskað eftir aðgangi að félagsstöðinni TF3IRA til SSTV tilraunasendinga. Stjórn ÍRA hefur óskað eftir nánari upplýsingum frá TF3JA um málið. Hann hefur svarað stjórninni, en stjórn félagsins telur þau svör sem borist hafa ekki fullnægjandi. Samþykkt var að fara þess á leit við formann, að freista þess að leita eftir nánari útskýringum hvað Jón ætlist fyrir. Fari svo að þau svör verði metin ófullnægjandi, mun stjórn ÍRA neyðast til að hafna beiðninni.

13. Önnur mál.

i. *Tillaga um sölu á tækjum og búnaði í eigu félagsins; framhaldsumræða.*

Rætt hefur verið innan stjórnar ÍRA, að selja þurfi hluta af eldri búnaði félagsins sem ekki eru beinlínis not fyrir lengur. Um er að ræða fjarskiptatæki, loftnet og rótora. Umræða varð um hvernig best væri að hátta sölu á þessum búnaði. Tillaga kom fram þess efnis, að gefa félögum kost á að bjóða í búnaðinn og hann síðan seldur hæstbjóðanda – en með því skilyrði, að tilskilið lágmarksverð fáist. Í framhaldi varð nokkur umræða um gangverð notaðra fjarskiptatækja og búnaðar radíóamatöra, framkvæmd sölunnar, auglýsingar og fleira. Formaður TF3JB, tekur að sér að ganga frá þessu máli í samráði við aðra stjórnarmenn á milli funda.

ii. *Nefnd um stofnun upplýsingabanka um möguleg QTH f. erl. leyfishafa;TF3DC formaður.*

Dagskrárlið frestað vegna fjarveru varaformanns, TF3DC.

Undir dagskrárliðnum samþykkti stjórn félagsins að þakka Gísla G. Ófeigssyni, TF3G, fyrir eldingavara sem hann færði félaginu að gjöf. Þetta eru eldingavarar af gerðinni Flexline sem munu nýtast félaginu vel.

14. Næsti fundur stjórnar.

Ákveðið var að stefna að næsta fundi stjórnar í byrjun september n.k.

15. Fundarslit.

Formaður, TF3JB, þakkaði mönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl 20:00.

Georg Magnússon, TF2LL,
fundarritari.

Námskeið ÍRA til amatörprófs

Í samræmi við starfsáætlun stjórnar og að höfðu samráði við Prófnefnd og Umsjónarmann námskeiða, hefur verið ákveðið að kanna áhuga á þátttöku í námskeiði til amatörprófs.

Fyrirhugað er að námskeiðið hefjist 14. október n.k. og ljúki með prófi Póst- og fjarskiptastofnunar í desember. Kennt verður á kvöldin tvo daga í viku í húsnæði Háskólans í Reykjavík. Námskeiðið er öllum opið og ekki eru gerðar kröfur um sérstaka menntun eða undirbúning.

Áhugasamir eru beðnir um að skrá nafn sitt og tölvupóstfang á "ira@ira.is". Skráningu fylgir engin skuldbinding, en veitir félaginu upplýsingar um fyrirhugaðan fjölda þátttakenda.

Fyrirspurnum má beina á sama tölvupóstfang.

Skráning er opin til 11. október n.k. Félagið setur þann fyrirvara um námskeiðshald, að lágmarksþátttaka fáist.



Háskólinn í Reykjavík er staðsettur við Menntaveg í Öskjuhlíðinni skammt frá Reykjavíkurflugvelli. Ljósmynd: HR.

Helstu DX keppnir út janúar 2020

Í eftirfarandi töflu hafa verið teknar saman upplýsingar um helstu DX keppnir á tímabilinu nóvember og desember 2019 – út janúar 2020. Hafa þarf í huga að ýmsir minni viðburðir fara fram nánast um hverja helgi sem ekki eru taldir til hér.

Eftirfarandi vefsíða birtir nánari upplýsingar, auk þess sem hver keppni er með eigin heimasíðu á netinu. : http://contestcalendar.com

DAGSETN.	TÍMI	HEITI KEPPNI	MÓTUN	BÖND	SKILABOÐ
		NÓVEMBER 2019			
2.-3. nóv.	12:00-11:59	Ukranian DX Contest	CW/SSB	160-10M	RS(T) + raðnúmer
9.-10. nóv.	00:00-23:59	WAE DX Contest	RTTY	80-10M	RST + raðnúmer
9.-10. nóv.	12:00-11:59	OK/OM DX Contest	CW	160-10M	RST + raðnúmer
16.-17. nóv.	12:00-11:59	LZ DX Contest	CW/SSB	80-10M	RS(T) + ITU svæði (17)
23.-24. nóv.	12:00-23:59	CQ WW DX Contest	CW	80-10M	RS(T) + raðnúmer
		DESEMBER 2019			
6.-8. des.	22:00-15:39	ARRL 160-meter Contest	CW	160M	RST
14.-15. des.	00:00-23:59	ARRL 10-meter Contest	CW/SSB	10M	RS(T) + raðnúmer
21. des.	00:00-23:59	OK-DX RTTY Contest	RTTY	80-10M	RST + CQ svæði (40)
21.-22. des.	12:00-11:59	Croatian CW Contest	CW	160-10M	RST + raðnúmer
28.-29. des.	15:00-14:59	Stew Perry Topband Challenge	CW	160M	RST + 4stafa hnit tala
		JANÚAR 2020			
5.-6. jan.	20:00-06:59	EUCW 160 Meter Contest	CW	160M	RST + nafn + NM [1]
18.-19. jan.	12:00-11:59	Hungarian DX Contest	CW/SSB	160-10M	RST + raðnúmer
25.-26. jan.	22:00-21:59	CQ 160 meter CW Contest	CW	160M	RST + CQ svæði (40)
26.-27. jan.	06:00-17:59	REF Contest, CW	CW	80-10M	RS(T) + raðnúmer

[1] *NM = „Non member" ella er gefið upp félagsnúmer í EUCW (The European CW Association).*

UHF kóaxtengi

Flestir radíóamatörar þekkja UHF kóaxtengi, þar sem flest fjarskiptatæki eru búin SQ-239 „viðtökutengjum" fyrir loftnet. PL-259 er notað til að tengjast þeim.

Bandarískí framleiðandinn Amphenol gefur upp tíðnisviðið 0,6–300 MHz í því sambandi. Aðrir framleiðendur nefna að þennan tengibúnað megi vel nota upp í 500 MHz, án þess að til komi mikil töp. Þessi töp eru þó óveruleg t.d. í tveggja banda 144/430 MHz FM bílstöðvum, en flestar þeirra stöðva fara ekki yfir 50W í afli.

Chris, VK3CAE (áður VK3JEG) gerði tilraunir með samanburð á SQ-239/PL-259 tengibúnaðinum á 2M/70CM. Niðurstöður hans leiddu í ljós 0.2 dB tap á 144 MHz og 1dB tap á 430 MHz, þegar samanburðurinn var við N-tengi.

https://www.hamradio.me/connectors/uhf-connector-test-results.html



Myndir frá vinstri:
(1) SO-239 viðtökutengi;
(2) PL-259, fyrir RG-8 kóax, en aftan í þau má skrúfa (3) UG-175 eða UG-176 breytistykki fyrir RG-58 eða RG-59 kapla. (4) N-tengi til samanburðar, það er vatnsþétt og gefið upp fyrir DC-11 GHz.

EFNIS-
YFIRLIT

VETRARDAGSKRÁ ÍRA TÍMABILIÐ OKTÓBER–DESEMBER 2019


Jónas TF3JB


Kristján TF3KB


Yngvi TF3Y


Vala Dröfn TF3VD


Óskar TF3DC


Kristinn TF3KX


Vilhjálmur TF3VS


Ari Þórólfur TF1A


Valgeir TF3VP


Anna TF3VB


Einar TF3EK

OKTÓBER	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesarar/umsjón	Húsið opið	Viðburður hefst	Skýringar/annað
10. okt. – fimmtud.	Heimildarmynd	DX leiðangur til Suður-Orkneyja, VP8ORK 1)	Kynning: Óskar Sverrisson, TF3DC	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
17. okt. – fimmtud.	TF útileikar 2019	TF útileikar ársins, úrslit og verðlaunaafhending	Einar Kjartansson, TF3EK	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
19. okt. – laugard.	Opinn laugardagur	Félagsmenn hafa QSO um nýja gervitunglið 2)	Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A	10:00-16:00	10:30	Kaffi og snarl
24. okt. – fimmtud.	Ferðasaga	SYLRA mótið í Noregi 2019	Anna Henriksdóttir, TF3VB og Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
31. okt. – fimmtud.	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar

NÓVEMBER	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesarar/umsjón	Húsið opið	Viðburður hefst	Skýringar/annað
7. nóv. – fimmtud.	Námskeið-I	Fyrstu skrefin; farið í loftið með leiðbeinanda-I	Óskar Sverrisson, TF3DC 3)	16:30-22:00	17:00-19:00	Kaffi og snarl
7. nóv. – fimmtud.	Erindi	Að minnka truflanir í móttöku í HF fjarskiptum	Yngvi Harðarson, TF3Y	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
10. nóv. – sunnud.	Sófaumræður	Viðurkenningaskjöl radíóamatöra	Jónas Bjarnason, TF3JB	10:30-13:00	11:00	Kaffi og snarl
14. nóv. – fimmtud.	Námskeið-II	Fyrstu skrefin; farið í loftið með leiðbeinanda-II	Óskar Sverrisson, TF3DC 4)	16:30-22:00	17:00-19:00	Kaffi og snarl
14. nóv. – fimmtud.	Erindi	Að smíða RF magnara fyrir HF böndin og fl.	Valgeir Pétursson, TF3VP	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar
21. nóv. – fimmtud.	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
24. nóv. – sunnud..	Sófaumræður	Hvernig er að vera QRV á FT4?	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS	10:30-13:00	11:00	Kaffi og snarl
28. nóv. – fimmtud.	Erindi	QRP afl, heimasmíði og notkun QRP senda	Kristinn Andersen, TF3KX	20:00-22:00	20:30	Kaffiveitingar

DESEMBER	Viðburður	Upplýsingar	Fyrirlesarar/umsjón	Húsið opið	Viðburður hefst	Skýringar/annað
5. des. – fimmtud.	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
8. des. – sunnud.	Sófaumræður	Endurbætt bandplan fyrir IARU Svæði 1	Kristján Benediktsson, TF3KB	10:30-13:00	11:00	Kaffi og snarl
12. des. – fimmtud.	Opið hús	Almennar umræður	Opin málaskrá	20:00-22:00	20:00	Kaffiveitingar
15. des. – sunnud.	Sófaumræður	Niðurstöður WRC-19 (sem lauk 22. nóvember)	Jónas Bjarnason, TF3JB	10:30-13:00	11:00	Kaffiveitingar
19. des. – fimmtud.	Jólakaffi	Jólakaffi ÍRA 2019; viðhafnarkaffi	Síðasti opnunardagur félagsaðstöðu á árinu 2019	20:00-22:00	20:30	Veislukaffi

1) Suður-Orkneyjar eru á vestanverðum Suðurskautsskaganum. VP8ORK var QRV 27.1.-8.2.2011; 14 leyfishafar frá Argentínu, Bandaríkjunum, Kanada, Þýskalandi og Singapore; alls 63.643 QSO. Fjarlægð frá Íslandi er um 13.800 km.

2) „Opinn laugardagur" er nýjung í félagsstarfinu. Félagsmönnum er boðið að koma, fá fræðslu, fylgjast með og hafa QSO um nýja Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið. Leiðbeinandi: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A VHF stjóri ÍRA.

3) Í boði er að þátttakendur taki með sér eigin stöð og búnað(ef þeir óska). Farið verður í loftið á CW, SSB eða FT8 – allt eftir óskum þátttakenda.(Ath. að skráning er fyrirfram í síma 862-3151 hjá Óskari).

4) Námskeið-II er hugsað fyrir þá sem sóttu námskeiðið viku fyrr. Þátttakendur ráða ferðinni í seinni hlutanum, spyrja spurninga og fá sýnikennslu í því sem þeir óska til að öðlast öryggi í fjarskiptum.

DXCC heildarstaða TF stöðva 4. september 2019

Kallmerkjum er raðað eftir eftir fjölda samkvæmt DXCC MIXED [1] [2] [4]
TF3Y er einn íslenskra leyfishafa með skráningu á heiðurslista; DXCC HONOR ROLL, MIXED.
TF4M hefur flestar einstakar DXCC viðurkenningar (14 af 19).[3]
TF3DC, TF3JB, TF3Y og TF4M eru handhafar 5 Banda DXCC.[4]
TF2LL, TF3DC, TF3JB, TF4M, TF5B og TF8GX eru handhafar DXCC Challenge.

	Kallmerki	DXCC Mixed	DXCC Phone	DXCC CW	DXCC Digital	DXCC 160m	DXCC 80m	DXCC 40m	DXCC 30m	DXCC 20m	DXCC 17m	DXCC 15m	DXCC 12m	DXCC 10m	DXCC Challenge	DXCC Honor Roll Mixed
1.	TF3Y	344	-	317	129	-	-	-	128	-	115	-	110	-	-	344
3.	TF3DC	326	-	316	174	-	-	-	196	-	242	-	207	216	1766	-
2.	TF4M	316	238	302	108	235	133	173	147	250	136	162	133	138	1501	-
4.	TF8GX	309	290	239	-	-	-	130	-	275	132	215	110	187	1313	-
5.	TF5B	294	283	-	205	-	-	130	122	276	126	214	101	135	1160	-
6.	TF2LL	268	-	-	-	-	-	164	-	225	145	172	-	122	1022	-
7.	TF3JB	253	177	236	122	-	101	122	134	229	176	146	142	117	1279	-
8.	TF3SG	239	155	225	-	126	220	181	-	-	-	-	-	-	-	-
9.	TF3IRA	213	179	179	100	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
10.	TF3G	186	133	138	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
11.	TF1A	169	143	-	147	-	-	104	110	139	117	106	-	-	-	-
12.	TF3DT	165	127	-	138	-	102	118	100	118	-	-	-	-	-	-
13.	TF3MH	122	-	-	110	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
14.	TF3EK	116	-	-	114	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
TF kallmerki með óvirka DXCC skráningu:[2]																
15.	TF3SV	349	Óvirk skráning (hljóðnaður lykill).													
16.	TF3IM	226	Óvirk skráning.													
17.	TF2WLC	106	Óvirk skráning. (Skýring: Varnarliðsmaður; a.m.k. QRV árið 1968 [f.ár 1946]. Núverandi kallmerki: K4WS).													

1 Miðast við TF kallmerki með virka skráningu (Heimild: ARRL).

2 Virk skráning: Að leyfishafi hafi uppfært DXCC-stöðu sína a.m.k. einu sinni eftir 1.1.1994.

3 Ekkert TF kallmerki er hingað til skráð með DXCC viðurkenningu fyrir sambönd um gervitungl, á 6 metrum, 2 metrum og 70 sentímetrum.

4 Leyfishafar hljóta ekki sjálfvirkt, eins bands skráningu [á 10, 15, 20, 40 og 80 metrum] þótt þeir sæki um 5BDXCC; sérstaklega þarf að sækja um (og greiða fyrir) hvert eins bands DXCC skjal.